

SOLVEIG THORLACIUS

Fór á Hvannadalshnúk með 210 manna hópi

• heilsa • þrjónavörur  
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



PORRINN

Þorramatur, skraut og skemmtilegar venjur

Sérblað um þorran  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.



AGENT FRESCO

Rænd á tónlistarhátíð í Hollandi

Íslenskir tónlistarmenn berskjaldaðir  
FÓLK 26



# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

19. janúar 2010 – 15. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



Avatar fékk Gull-hnöttinn

Stórmynd James Cameron, Avatar, valin besta myndin á Golden Globe-hátíðinni.

FÓLK 20

## Stjörnur og streita

„Full ástæða er til að samgledjast matreiðslumeistararum sem fékk Michelin-stjörnu, fyrstur íslenskra matsveina, í síðustu viku,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 12

## Góð aðsókn á Brothers

Sigurjón Sighvats-son, framleiðandi Brothers, segir kvikmyndina nálgast 30 milljóna dollara markmiðið.



FÓLK 20



Fyrsti leikur á EM í kvöld

Strákarnir okkar mæta Serbum í fyrsta leiknum á EM í Austurríki.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG



MILT Í VEÐRI Vaxandi SA-átt og lítills háttar rigning eða skúrir en hægari og þurr norðaustanlands. Bætur í úrkomu SA-lands í kvöld. Hiti víðast á bilinu 2-8 stig.

VEÐUR 4

# Skilanefnd tekur yfir D'Angleterre-hótelið

Sögu viðskiptaveldisins Nordic Partners er að ljúka. Skilanefnd Landsbankans tekur lykklavöldin að hótélum og einkabotum fyrirtækisins á næstu vikum.

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Landsbankans mun á næstu vikum taka yfir hótélrekstur NP Hotels í Danmörku og einkabotum í eigu leigufyrirtækisins IceJet. „Samningar eru mjög langt komnir og við erum mjög sátt við það,“ segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans.

NP Hotels og IceJet eru bæði í eigu eignarhaldsfélagsins Nordic Partners. Undir NP Hotels heyrir lúxushótelið D'Angleterre auk hótela og veitingastaða á borð við Kong Fredrik og Front. Nordic Partners keypti hótelið á haustmánuðum 2007 og greiddi langt yfir uppsettu verði. IceJet hefur yfir að ráða fimm Dornier-þotum,

sem hafa verið innréttaðar fyrir efnaða einstaklinga og gerðar út frá Bretlandi. Reynt hefur verið að selja þrjár þeirra síðustu mánuði.

Umfangsmesti rekstur Nordic Partners felst í matvælaframleiðslu og útleigu á fasteignum í Lettlandi. Fram kom í Viðskiptablaðinu seint í fyrra að heildarskuldur eru í kringum níutíu milljarðar króna.

„Staðan í Lettlandi er litlu betri en hér. Reksturinn er gróðarlega erfiður og fyrirtæki þar hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum,“ segir Friðrik Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, sem hefur unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu Nordic Partners. Hann bendir á

á róðurinn hafi þyngst við hrun fasteignamarkaðarins þar auk þess sem leiguverð hafi lækkað mikið en Nordic Partners á fjögur hundruð þúsund fermetra af leiguhúsnæði í Lettlandi. „Þetta hefur haft mikil áhrif á reksturinn,“ segir hann. Unnið er að samningum um örlög matvælafyrirtækjanna við Eystrasalt með stjórnendum Nordic Partners.

Ekki er reiknað með breytingum á eignarhaldi tékkneska matvælafyrirtækisins Hamé, sem er skráð sem systurfyrirtæki Nordic Partners. Gamli Landsbankinn fjármagnaði kaupin á Hamé líkt og flest annað hjá Nordic Partners.

- jab



MARGAR HENDUR VINNA LÉTT VERK Fjöldi sjálfbóðaliða tók höndum saman í höfuðstöðvum Rauða kross Íslands í gær og pakkaði saman hjálpargögnum. Senda á þau til Haítí með vélinni sem gert er ráð fyrir að sækji íslensku rústabjörgunarsveitina. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

## Íslenska rústabjörgunarsveitin leitaði að lífi í rústum á Haítí í gær án árangurs: Byrjað að undirbúa heimferð

**HJÁLPARSTARF** Íslenska rústabjörgunarsveitin á Haítí fór í könnunarleiðangra um miðborg höfuðborgarinnar Port-au-Prince í gær til að kanna hvort einhver myndist þar á lífi í rústunum. Leit-in hafði engan árangur borið í gærkvöldi.

Í utanríkisráðuneytinu er byrjað að huga að heimför sveitarinnar, sem verður líklega í þessari viku. Tímasetningin

liggur ekki fyrir, en að sögn Ólafar Snæhólm Baldursdóttur hjá Landsbjörgu er þumalputta-reglan sú að sveitir fari að tygja sig heim þegar 48 klukkustundir eru liðnar frá því að lifandi manneskja finnst í rústum. Þegar séu nokkrar sveitir farnar heim.

Sjálfbóðaliðar Rauða kross Íslands pökkuðu í gærkvöldi þúsund skyndihjálparpökkum fyrir teymi sem veita eiga slösuðum

aðstoð á Haítí. Verða gögnin send með vélinni sem gert er ráð fyrir að muni flytja íslensku sveitina heim. Þá verður einnig sendur loftkælubúnaður fyrir sjúkra-skurdstofur og annar búnaður fyrir sjúkrahús.

Þá hefur athafnamaðurinn Jón Ólafsson sent 230 tonn af flöskuvatni á hamfararsvæðin. Áætlað er að vatnið berist til Haítí í dag.

- sh / sjá síðu 6

Ný teiknimynd talsett:

## Michael Madsen er Egill Skallagrímsson

**FÓLK** Bandaríski stórleikarinn Michael Madsen talar fyrir Egil Skallagrímsson í nýrri teiknimynd sem ungverskir kvikmyndagerðarmenn eru að gera í samvinnu við íslenska fyrirtækið Caoz. Búið er að taka upp leikrödd Madsens en Arnar Þórisson hjá Caoz segir að það hafi komið sér á óvart hversu vel honum tókst upp að túlka Egil. „Hann bað mig um að fara með Höfuðlausn á íslensku til að ná réttu stemningunni.“

- fgg / sjá síðu 26

## Auknar vinsældir hrútsþunga: Íslenskir þungar fluttir út

**MATUR** „Þessi útflutningur hefur smám saman verið að vinda upp á sig en mikill áhugi er á íslenskum eistum í Asíu sem og Bandaríkjunum,“ segir Ágúst Andrésón hjá Kjötufurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga, um vaxandi vinsældir hrútsþunga erlendis.

Djúpsteikir þungar þykja herramannsmatur í Bandaríkjunum en í Asíu er allur gangur á því hvernig þungarnir eru matreiðdir.

- jma / sjá sérblað um þorran

## Fá afnot af myndefni frá Haítí: Íslenska sveitin verður í Opruh



OPRAH WINFREY

**HJÁLPARSTARF**

Framleiðendur sjónvarpsþátta Opruh Winfrey hafa óskað eftir afnotum af myndum og myndskaiðum af störfum íslensku rústabjörgunarsveitarinnar á Haítí. Til stendur að fjalla um sveitina í þætti sem tileinkaður er björgunarsfarinu þar í landi á morgun.

- sh

muundu eftir mjólkinni!

**muu**

Framleiðandi: **í einum grænum**

**Hummus**

Frábær idýfa með stökku grænmeti, einnig ljúffengt á brauð og kex.

ms.is

**Ostur eins og krakkar vilja hafa hann**

**GOTTI**



# Veistu hvað þú eyðir miðað við aðra?




Matarinnkaup þín



Kr.



Matarinnkaup annarra



Kr.

**MENIGA** | Miklu meira en heimilisbókhald

Meniga er eina heimilisbókhaldið sem gerir þér kleift að bera útgjöld þín saman við útgjöld annarra notenda.

**Skráðu þig í Meniga í  
Netbanka Íslandsbanka**

islandsbanki@islandsbanki.is  
www.islandsbanki.is  
Sími 440 4000

  
Íslandsbanki





Allt að **35%** afsláttur

# VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚSINNRETTINGAR

... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum



**LINE** Glerhörð, kámfri áferð  
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



**COUNTRY** Glerhörð, kámfri áferð  
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til  
afgreiðslu  
af lager



**HORIZONTAL**  
Spónlögð amerísk hnota



**DUCALE**  
Ljós eik - innfelld handföng

## STÁLVASKAR FYRIR ELDHÚS



valdir vaskar  
allt að **60%**  
afsláttur



[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



Ætlar þú að fylgjast með íslenska landsliðinu í handbolta á EM í Austurríki?

JÁ	74,3
NEI	25,7

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Getur Ísland unnið EM í Austurríki?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)

Íbúðalánasjóður sagði viðskiptavinum ekki frá því að úrræði væru væntanleg:

# Enn að reikna greiðslujöfnun

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptavinur Íbúðalánasjóðs, sem hafði byrjað í greiðslujöfnun en ákvað svo að afþakka hana, fékk svar frá sjóðnum um að hann gæti ekki afþakkað greiðslujöfnunina, nema hann fyrst greiddi upp alla fjárhæðina sem sett hafði verið á jöfnunarreikninginn.

Greiðslujöfnun hefur hins vegar verið kynnt sem úrræði er mætti afþakka hvenær sem er.

Svanhildur Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, skýrir þetta með því að tölvukerfi Reiknistofu bankanna hafi ekki verið tilbúið í ýmsar tæknilegar útfærslur sem fylgdu lögum um greiðslujöfnun. Því hafi ekki verið fundin rétt aðferð til að setja jöfnunarupphæðina inn á höfuðstólinn. Þetta sé í vinnslu og verði mögulegt í framtíðinni.

Ríkisstjórnin vildi að frá þessu yrði gengið fyrir 1. nóvember.

„Þetta hefur ekki gengið eins hratt og til stóð. Við viljum hafa útfærsluna á þessu alveg rétta svo þetta sé rétt vaxtareiknað,“ segir Svanhildur.

Spurð hvers vegna viðskiptavinum, sem afþakka greiðslujöfnun, sé ekki bent á að innan skamms megi búast við því að þeir þurfi ekki að greiða jöfnunarupphæðina, segir hún að það sé réttmæt ábending.

- kóp



**BRÉF ÍBÚÐALÁNASJÓÐS** Viðskiptavininum er hvorki bent á að hann ætti með réttu að geta sett upphæðina inn á höfuðstól, né að Íbúðalánasjóður sé að vinna í því að gera það mögulegt. MYND/ADSEND

Prófa ný úrræði í Danmörku:

## Heróín fyrir mestu fíklana

**DANMÖRK** Þeir Danir sem fíknastir eru í heróín geta frá og með miðjum næsta mánuði fengið efnið á kostnað ríkisins, fyrst í Óðinsvéum.

Alls eiga um 230 fíklar að geta fengið heróínið sitt hjá lækni, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Politiken hefur eftir Birthe Vorsum, sem vinnur á meðferðarstofnun í Óðinsvéum, að þegar allt sé talið til sé þetta góð „samfélagsþagfræði“, því ætla megi að með því að efnið verði ókeypis láti sumir fíklana af glæpum og ofbeldi.

Kostnaður ríkisins af þessu er sjötíu milljónir danskar. - kóp



**i** Með möguleika á framhaldsnámi í háskóla í Danmörku

# SÖLUNÁM SEM SELUR!

## Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 352.000.- Einingar til stúdentprófs: 16

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir alla þá sem vilja tileinka sér þekkingu á sölu-, markaðs-, og rekstrarmálum. Námið er sérstaklega fjölbreytt eins og sést hér að neðan:

**Fyrri önn:**

- Hlutverk sölumanns (6) • Windows, Internet og tölvupóstur (6)
- Samskipti við viðskiptavinum (6) • Sölu- og viðskiptakerfi (24)
- Verslunarreikningur (24) • Word ritvinnsla og tilboðagerð (30)
- Markaðsfræði (30) • Excel töflureiknir og gerð söluáætlana (30)
- PowerPoint og gerð sölukynninga (12) • Framkoma og framsögn (6)
- Sölutækni og aðferðir (18) • Markaðsrannsóknir (12)
- Auglýsingatækni (6) • Markaðsfræði 2 (6) • Publisher umbrot (6)
- Tímastjórnun (6) • Fyrir lokaverkefni og sölukynning - 30

**Seinni önn:**

- Frumkvöðlar og framtíðarsýn (6) • Hagnýtur bókhaldsskilningur (12)
- Stofnun fyrirtækja (6) • Excel við áætlanagerð (24)
- Fjármálastjórnun og framlegð (30) • Markaðsfræði 3 (42)
- Lokaverkefni og gerð viðskiptaáætlunar (48)

**Möguleiki á framhaldsnámi í Danmörku**

Einn af stærstu viðskiptaháskólum í Danmörku, EASV í Esbjerg og Sønderborg, hefur gert samstarfssamning við NTV um að viðurkenna tveggja anna námsbrautir NTV sem inntökuskilyrði fyrir nám í skólanum. Fjöldi íslenskra námsmanna stundar nú nám hjá EASV en skólinn býður meðal annars upp á: Stjórnáslufræði, Fjármálafræði, Markaðsfræði, Tölvunarfræði, Margmiðlun og Tískuhönnun.

**! Næstu námskeið:**  
Morgunnám byrjar 8. feb.  
Kvöld- og helgarnám byrjar 9. feb.



NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



**ÞJÓFAR Á HRADFERÐ** Íbúar á Haítí eru margir orðnir langeygir eftir neyðarhjálpinni og grípa því til þess ráðs að hnupla hverju því sem hendi er næst. NORDICPHOTOS/AFP

# Neyðarhjálpin berst hægt til íbúa á Haítí

Yfirmaður bandaríska hersins á Haítí telur að 200 þúsund hafi látist í jarðskjálftanum. Hjálparstofnanir telja hins vegar að skjálftinn hafi kostað 50 til 100 þúsund manns lífið. Þjófnaður og ofbeldi eykst. SP reisa tjaldbúðir.

**HAÍTÍ, AP** Þrátt fyrir stöðugan straum lækna, hjálparstarfsmanna og hermanna til Haítí eiga íbúar margir hverjir erfitt með að finna vatnssopa og matarbita.

Vaxandi óþolinmæði gætir hjá mörgum íbúanna vegna seinangangsins. Þjófnaður eykst dag frá degi og ofbeldi sömuleiðis. Nokkrir menn hafa hreinlega verið dreppir á götum úti vegna gruns um að þeir hafi stundað gripdeildir.

Óeirðalögreglan á Haítí beitti táragsi til að dreifa mannfjöldanum þegar kveikt hafði verið í fjölda verslana í miðborg Port-au-Prince.

„Okkur hefur verið skipað að skjóta ekki á fólk nema það sé algerlega nauðsynlegt,“ sagði Pierre Roger, lögregluábyrgur á Haítí. „Við erum of fá og þetta fólk er of órvæntingarfult.“

Margir íbúar bæjarins reiddust

því að hermenn og öryggisverðir séu fluttir til landsins til að tryggja öryggi hjálparstarfsfólks í staðinn fyrir að nota flugvélnar til að flytja þangað hjálpargögn.

„Við þurfum ekki hernaðaradstoð. Það sem við þurfum er matur og húsaskjól,“ hrópaði ungur maður í áttina að Ban Kimoon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem kom í heimsókn til Port-au-Prince á sunnudag. „Við erum að deyja,“ bætti ung kona við.

Hjálparstofnanir telja að jarðskjálftinn mikli á þriðjudag hafi kostað 50 til 100 þúsund manns lífið. Ken Keen, yfirmaður bandaríska hersins á Haítí, telur hins vegar að 200 þúsund hafi látist.

Úti á götum lá fólk enn fyrir dauðanum. Sært og sjúkt fólk var flutt á hjólbörum eða hreinlega á baki annarra á læknastöðvar sem

komið hefur verið upp til bráðabirgða víðs vegar um borgina.

Fjöldi þeirra sem misstu heimili sitt er svo mikill að Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna ráðgerir nú að setja upp tjaldbúðir fyrir hundruð þúsund manns í útjaðri höfuðborgarinnar.

Erfiðar samgöngur eiga stóran þátt í því hve hægt hefur gengið að koma hjálpinni til fólks.

Ken Keen, yfirmaður bandaríska hersins á Haítí, viðurkennir að flugvöllurinn í Port-au-Prince, með aðeins eina flugbraut og takmarkað pláss fyrir flugvélar utan brautarinnar, afkasti engan veginn nógu miklu.

Bandaríkjaher hefur tekið alla stjórn á flugvælinum í sínar hendur og uppskorið gagnrýni úr ýmsum áttum, meðal annars frá sumum hjálparstöðum.

[gudsteinn@frettabladid.is](http://gudsteinn@frettabladid.is)

Athafnamaðurinn Jón Ólafsson sendir vatn fyrir 60 milljónir á hamfarasvæði:

## Gefur 230 tonn af vatni til Haítí

**HJÁLPARSTARF** Jón Ólafsson, eignandi vatnframleiðandans Icelandic Glacial, hefur gefið 230 tonn af vatni á 400 þúsund flöskum til þeirra sem eiga um sárt að binda á hamfarasvæðinum á Haítí.

Með aðstoð Eimskips komst Jón í samband við Bandaríkjaher, sem flytur vatnið sjóleiðina frá Richmond í Virginíuríki í Bandaríkjunum og er áætlað að það berist til Haítí í dag. Alls 220 tonn fara með skipinu en í gær fóru tíu tonn

með flugi frá Kaliforníu. Verðmæti vatnsins er rétt innan við hálf milljón dollara, eða jafnvirði rúmra sextíu milljóna íslenskra króna.

Jón segir að ekkert sé mikilvægara en vatn í aðstöðum sem þessum, þar á eftir komi matur og lyf.

„Það segir sig sjálft að okkur er ljúft og skylt að gera það sem við getum til að hjálpa,“ segir Jón. „Allir sem geta gert eitthvað eiga að gera það.“ Þó sé ljóst að vatnstonnin 230 séu bara dropi í hafid.

Jón segir að hann hafi ákveðið þetta eftir að hafa heyrt í félag sínum sem rekur fyrirtæki á Haítí. „Hann hafði bara fundið 20 prósent af sínum starfsmönnum og þeir höfðu allir misst heimili sín,“ segir Jón.

Hann lét því til sín taka í gegnum hlíðarverkefni sitt, sjálfseignarstofnunina Icelandic Glacial Water for Life, sem ætlað er að hjálpa við aðstæður sem þessar.

- sh

## REYKVIKINGAR!

Á borgarstjórnarfundum sem útvarpað verður kl. 14 í dag flytur Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans tillögu um vantraust á borgarstjóra, á fm 98,3 og reykjavik.is

**Undirrot allra lasta, ágirndin kölluð er.  
Frómleika frá sér kasta, fjárplógsmenn ágjarnir,  
sem freklega elska féð,  
auði með okri safna, andlegri blessun hafna, en setja sál í veð.**

Þessi orð í 8. versni 16. Passíusálms séra Hallgríms Péturssonar eiga einkar vel við, þegar gætt er að gildismati og athöfnum þess borgarstjóra og þeirra stjórnmalaflokka sem nú stjórna Reykjavíkurborg í umboði minnihluta kjósenda.

Sú græðgi, efnishyggja og óheiðarleiki sem lýst er í sálminum er helsta undirrot þess efnahagshruns sem reið yfir þjóðina haustið 2008. Langörlagaríkasta ákvörðunin að baki þessu hruni er sú ákvörðun, sem tekin var í Valhöll við Háaleitisbraut, að færa einkavinum Sjálfstæðisflokksins Landsbanka þjóðarinnar nánast að gjöf. Þegar sú ákvörðun var tekin var Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og jafnframt stjórnarformaður Landsbankans!! Aðstoðarframkvæmdastjóri flokksins þá og nánasti pólitíski bandamaður Kjartans Gunnarssonar, Hanna Birna Kristjánsdóttir, var þannig mjög nálægt vettvangi við þessa siðspilltustu ákvörðun íslenskrar stjórnmalasögu. Og hún hefur svo sannarlega notið góðs af!

Fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninganna árið 2006 þáði Hanna Birna Kristjánsdóttir há fjárframlög frá Landsbankanum, sem hún hefur ekki viljað greina frá, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur Ólafs F. Magnússonar þar um, bæði í borgarráði og í borgarstjórn. Það var ekki fyrr en DV greindi frá framlögunum í lok nóvembermánaðar árið 2009, að þau urðu almenningi kunn. Öllum má ljóst vera að þessi framlög réðu því að Hanna Birna krafðist þess sumarið 2008, vegna hagsmuna Landsbankans, að fallið yrði frá þeirri verndun Laugavegarins, sem var hornsteinninn í málefnasamningi F-lista og Sjálfstæðisflokks, sem hún hafði undirritað í janúarmánuði árið 2008. Þetta heitir að **setja sál sína í veð** og er gróft brot á sveitarstjórnarlögum, um að kjörnir fulltrúar megi ekki víkja frá sannfæringu sinni og hvað þá ganga erinda hagsmunaaðila eða sjálfra sín við ákvarðanir sínar.

Árið 2004 hröktu Hanna Birna og borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins, mætan borgarstjóra, Þórólf Árnason, úr embætti borgarstjóra, vegna atburða, sem áttu sér stað á síðustu öld og á öðrum vettvangi. Þær ávirðingar sem auk framanskráðs verða bornar fram á störf Hönnu Birnu í borgarstjórn Reykjavíkur hljóta að leiða til afsagnar hennar.

**Borgarmálafélag F-lista.**



- 1 Hvaða þingmaður á eftir að skila fjárhagsupplýsingum til Ríkisendurskoðunar?
- 2 Hvað heitir nýtt tæki sem á að geta bylt fuglarnsóknunum?
- 3 Hversu margir björgunarstarfsmenn hafa leitað í rústum-um á Haítí síðustu daga?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Formaður iðnaðarnefndar Alþingis óskar ítarupplýsinga um eigendur Verne:

## Hlutur Björgólfs þynnist út

**FRAMKVÆMDIR** Bandaríski fjárfstingarsjóðurinn Welcome Trust var kynntur sem nýr kjölfestu-hluthafi í Verne Holding á fundi iðnaðarnefndar Alþingis í gær-morgun. Verne Holding vinnur sem kunnugt er að uppbyggingu gagnavers á Suðurnesjum.

Að sögn Skúla Helgasonar, formanns iðnaðarnefndar, mun innkoma sjóðsins þynna verulega út eignarhlut Björgólfs Thors Björgólfssonar, en gagnrýnt hefur verið að fyrirtæki að stórum hluta í eigu eins af fyrrverandi eigendum bankanna skuli eiga að fá skattafrávilnanir.

Stöðva þurfti framkvæmdir við



**SKÚLI HELGASON** Formaður iðnaðarnefndar telur mikilvægt að allt sé uppi á borðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gagnaverið í upphafi árs og segir Skúli að Welcome Trust muni nú koma með nýtt fé inn í verkefnið svo unnt verði að halda því áfram.

Sjóðurinn muni líkast til borga allt sem eftir stendur.

Skúli hefur sent forsvarsmönnum Verne Holding bréf þar sem þess er óskað að nákvæm skipting eignarhluta verði gerð opinber. Segist hann telja mikilvægt að svo verði til að eyða allri tortryggni.

Welcome Trust er kallaður góðgerðasjóður og hefur einkum fjárfest í verkefnum sem varða heilbrigðismál, til dæmis líftækni. Sjóðurinn hefur hins vegar einnig fjárfest í verkefnum tengdum umhverfisvernd og endurnýtanlegri orku. Af því stafi áhuginn á gagnaversframkvæmdunum.

-sh

Þýsk stjórnvöld:

## Vara við Microsoft Explorer

**TÖLVUR** Þýsk stjórnvöld hafa varað borgara sína við að nota Internet Explorer frá Microsoft. Þessi vafri, sem er mest notaði vafri í heimi, sé öruggur.

Þýsku yfirvöldin hvetja fólk til að nota aðra og öruggari vafra, en aðrir helstu vafrar eru Firefox, Safari, Chrome og Opera.

Málið snýst um öryggisglöppu í Explorer-vafranum, sem geri hann sérlega viðkvæman fyrir árásum tölvuþrjúta.

Danska blaðið Politiken hefur eftir talsmanni Microsoft í Þýskalandi að Þjóðverjar bregðist með þessu fullharkalega við vandanum.

-kóp

## Hjartastopp – PAD hjartastartari

Fljótverkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



**Donna**

Sími 555 3100

Sýnikennsla á [www.donna.is](http://www.donna.is)

## Sagði ekki frá ferð sinni til Feneýja

Borgarstjóri gat ekki ferðar til Feneýja þegar hún svaraði fyrirspurn um ferðalög sín í borgarráði. Aðstoðarmaður hennar segir hana hafa farið í ferðina sem fyrrverandi formaður skipulagsráðs. Spurt var um ferðir Hönnu Birnu sjálfrar.

**REYKJAVÍK** Borgarstjóri gat þess ekki að hún hefði farið í nokkurra daga ferð á Feneýjaværinginn um arkitektúr og skipulag í september 2008, þegar hún svaraði fyrirspurn Ólafs F. Magnússonar borgarfulltrúa um ferðalög sín í borgarráði, 5. janúar síðastliðinn.

Samkvæmt fundargerð borgarráðs, hinn 12. nóvember, spurði Ólafur F. um „kostnað vegna ótiltekens fjölda ferða Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í borgarstjóratið hennar“. Áfram hélt Ólafur: „Í öðru lagi er spurt í hversu margar ferðir Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur farið.“

Hanna Birna svaraði með því að hún hefði farið í sex ferðir á tímabilinu 26. nóvember 2008 til 28. nóvember 2009. Heildarkostnaður þeirra nam einni milljón og 797.376 krónum. Feneýjaferðin er ekki talin með.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu borgarstjóra nam kostnaður Hönnu Birnu við Feneýjaferðina 338.107 krónum.

**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Með Hönnu Birnu í ferð voru einnig Óskar Bergsson, Svandís Svavarsdóttir og Ólaf Örvarsdóttir skipulagsstjóri.

### FERÐIRNAR

- 26. til 28. nóvember 2008: Aðalfundur Eurocities í Haag.
- 12. til 14. janúar 2009: Norræna höfuðborgaráðstefnan. Ekki er tekið fram í svari borgarstjóra hvar ráðstefnan var haldin.
- 22. til 23. apríl 2009: Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða í Malmö.

- 26. apríl til 1. maí 2009: Borgarstjóraráðstefna í Chicago, Bandaríkjunum.
- 9. til 13. ágúst 2009: Ferð til Ósló og Helsinki til að kynna hvernig borgaryfirvöld þar brugðust við kreppum.
- 25. til 28. nóvember 2009: Ársfundur Eurocities í Stokkhólmi.

Ekki náðist í borgarstjóra en aðstoðarmaður hennar, Magnús Þór Gylfason, segir ástæðu þess að ferðin hafi ekki verið talin með vera þá að Hanna Birna hafi farið í hana sem fyrrverandi formaður skipulags-

ráðs. Skrifstofa borgarstjóra hafi því ekki undirbúið ferðina, heldur var hún „skipulögð af skipulagssviði Reykjavíkurborgar“.

Aðspurður segir hann Hönnu Birnu ekki hafa farið í fleiri ferðir á vegum borgarinnar, skipulagðar utan skrifstofu borgarstjóra. Magnús Þór tekur fram að áður hafi verið fjallað um ferðina og kostnað við hana í borgarráði og hún sé því öllum borgarfulltrúum kunn. Fyrirspurn Ólafs F. um hana verði að sjálfsgöðu svarað og kostnaði vegna hennar bætt við svar borgarstjóra, þannig að um málið verði enginn misskilningur.

Ólafur F. hyggst flytja vantrauststillögu á borgarstjóra á borgarstjórnarfundum í dag, um „öll þessi atriði og leynimakk borgarstjórans“.

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Borgarfulltrúinn er duglegur að spyrja borgarstjóra. Hann hefur einnig spurt um fjarvistardaga hennar, hversu margir hafi verið felldir niður, tíðni aukafunda, um móttöku verðlauna og fleira.

klemens@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson &amp; Co



SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

OSRAM

## Til hjálpar á Haítí

Söfnunarsími okkar fyrir Haítí er

**907 2003**

Hvert símtal gefur 2.500 kr.

Söfnunarreikningur er: 0334 26 886, kt. 450670 0499

Hjálparstarf kirkjunnar

Sóknaráætlunin 20/20 á að ná til allra landsmanna á fundum víða um land:

## Þjóðfundir um sóknarfæri

**SAMFÉLAG** Stýrihópur sóknaráætlunar 20/20, á vegum ríkisstjórnarinnar, ætlar að halda átta þjóðfundir víða um landið fram að vori. Markmiðið er að „ná fram samstöðu um lykilákvæðanir og framtíðarsýn fyrir atvinnulíf og samfélag“, eins og segir í tilkynningu.

Þetta skili þjóðinni til móts við bjartari, betri tíma.

Átta fundir, með líku sniði og þjóðfundurinn, sem haldinn var í Laugardalshöll, skal halda í öllum landshlutum á laugardögum milli 30. janúar og 20. mars.

Heimamenn verða kallaðir til, eftir úrtaki úr þjóðskrá, og hitta sérfræðinga og fulltrúa hagsmunasamtaka. Gert er ráð fyrir að tveir til þrjú ráðherrar verði að jalnaði á hverjum fundi, ásamt fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna.

-kóp



Í NORRÆNA HÚSINU Margir ráðherrar sátu fyrir svörum á blaðamannafundi sóknaráætlunarinnar í Norræna húsinu í gær. Hér talar Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### FUNDIRNIR:

Þjóðfundir sóknaráætlunar verða eftirfarandi:

- 30. janúar á Egilsstöðum
- 6. febrúar á Ísafirði
- 13. febrúar á Sauðárkróki
- 20. febrúar í Borgarnesi
- 13. mars í Reykjanesbæ
- 20. mars í Reykjavík

Að auki boðar forsætisráðherra til funda í tengslum við sóknaráætlunina á Selfossi, 21. janúar, og á Grand Hótel í Reykjavík, 28. janúar.

Nánari upplýsingar má fá á [www.island.is](http://www.island.is)



In a survey of the top ten „best“ jobs in the United States, Money magazine listed Software Engineer as the top job. Reasons include good pay, number of annual openings, and ten year projected growth in jobs (46%).

# NÁM SEM EYKUR STARFSMÖGULEIKA HÉRLENDIS OG ERLENDIS

## Diplomanám í forritun

282 stundir - Verð: 399.000.-

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

Markmiðið með þessu námi er að svara vaxandi þörf atvinnulífsins fyrir starfsfólk til að vinna við forritun. Val kennslugreina miðast við að mæta þörfinni þar sem hún er mest með því að kenna hlutbundna forritun (C#.NET, ADO.NET) og nota Visual Studio þróunarumhverfið frá Microsoft.

Að námi loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð.

Námið byggir að miklu leiti á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir um að taka eftirfarandi alþjóðleg próf: 070-316, 070-502 og 070-561.

Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og mikið er af verklegum æfingum. Gera þarf ráð fyrir heimanámi (8-10 klst. á viku) og vinnu utan skólatíma í tengslum við lokaverkefni.

Inntökuskilyrði: Þeir sem hyggja á þetta nám þurfa að hafa stúdentspróf, hliðstæða menntun eða reynslu og góða enskukunnáttu því allar bækur eru á ensku. Einnig góða almenna tölvukunnáttu.

Leitið til NTV varðandi frekari námsráðgjöf, annað hvort með því að koma í heimsókn eða hafa samband við okkur í síma 544-4500.

### Helstu námsgreinar:

Kynning á forritun (36 stundir)  
Viðmótshönnun (12 stundir)  
Gagnagrunnsfræði (36 stundir)  
Forritun með C# (66 stundir)  
Gluggaforritun (60 stundir)  
Gagnagrunnsforritun (36 stundir)  
Lokaverkefni (36 stundir)

### Kvöldnámskeið:

Hefst: 2. febrúar - Lýkur: 5. júní  
Þriðjud. og fimmtud. 18-22 og laugard. 13-17

OPIN KERFI

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner Learning Solutions

PEARSON  
VUE

PROMETRIC

ECDL

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)

ntv



Í GEGNUM ELD Knapi reið á hesti sínum í gegnum eld í bænum San Bartolome de Pinares á Spáni þegar haldið var upp á dag heilags Antoníusar, vermdardýrlings dýra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Mansalsmálið verður lokað: Fréttastjóri ekki aðili að málinu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur vísað frá dómi kærna fréttastjóra Stöðvar 2, Óskars Hrafn Þorvaldssonar, sem fór fram á það að fallið yrði frá þeirri ákvörðun að þinghald í svokölluðu mansalsmáli sem upp kom á Suðurnesjum í haust yrði lokað.

Segir í dómnum að skilyrði fyrir því að hægt sé að kæra úrskurð héraðsdóms sé að sá sem kærir hafi í héraði átt aðili að málinu. Óskars sé hins vegar hvergi getið í gögnum um málið, hann hafi ekki freistað þess að gera grein fyrir því hvernig hann tengist því sakarefninu sem úrskurðað var um og því er málinu vísað frá. -sh

### DÓMSTÓLAR

#### Stal þremur vodkapelum

Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að stela þremur vodkapelum. Pelunum þrem stal hann í jafnmörgum heimsóknum í vinbúðir á höfuðborgarsvæðinu.

### PRÓFKJÖR

#### Árni Björn í framboð

Árni Björn Ómarsson verkefnisstjóri hefur tilkynnt um framboð sitt í 1. til 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði í prófkjöri sem haldið verður 30. janúar næstkomandi.

Lögreglan hljóp innbrotspjóf uppi á Selfossi:

## Vill brottvísun síbrotamanns

**LÖGREGLUMÁL** Maður var handtekinn eftir innbrot í veitingahúsið Kaffi Krús á Selfossi aðfaranótt sunnudagsins.

Lögreglumenn fengu tilkynningu um að þjófavarnakerfi hefði farið í gang á veitingastaðnum og fóru þeir strax á staðinn. Þegar að var komið sást maður á hlaupum frá staðnum. Ekki dugði honum forskotið og náðist hann fljótlega. Hann var handtekinn og færður í fangageymslu.

Við yfirheyrslur á Selfossi viðurkenndi maðurinn aðild að mörgum innbrotum á Selfossi, Hvolsvelli og víðar, þjófnaði á dísilólú, sölu og dreifingu fíkniefna, framleiðslu og sölu á landa- og tvær líkamsárásir.

Þessi sami maður var handtekinn fyrir skömmu vegna innbrots í fyrirtæki á Selfossi.

Vegna síbrota mannsins gerði lögreglustjórinn á Selfossi kröfu um að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald í fjórar vikur. Dómari varð við því. Tíminn verður vel nýttur til að ljúka rannsókn, að sögn lögreglu, og er áætlað að ákærur liggi fyrir í þessari viku. Þar sem maðurinn er af erlendu bergi brottinn mun verða farið fram á að Útlendingastofa vísi honum úr landi.

-jss



SELFOSSI Lögreglustjórinn á Selfossi vill síbrotamann burt af landinu.

Forsetakosningar í Chile:

## Auðjöfur vann nauman sigur

**CHILE, AP** Sebastian Pinera, hægri-sinnaður auðkýfingur, vann sigur í forsetakosningum í Chile á föstudag.

Hann fékk 52 prósent atkvæða en fráfarandi forseti, Eduardo Frei, hlaut 48 prósent og lætur því af völdum. Pinera hvatti Chilebúa til að taka nú höndum saman til að bæta landið. Hann sagðist ætla að gera Chile að „besta landi í heimi“. Í kosninga-baráttunni hafði hann gagnrýnt vinstrimenn sem komist hafa til valda í Suður- og Mið-Ameríku, sagði meðal annars að ekkert lýðræði væri í Venesúela þar sem Hugo Chavez er við völd. -gb

# Mótmæla að Domus stækki án þess að bílastæðum fjölgi

Stækka á Domus Medica með viðbyggingum og bílageymslu. Íbúar á Egilsgötu segjast hafa liðið nóg þótt ekki bætist við umferðarpunga. Eigandi Heilsuverndarstöðvarinnar varar við miklum bílastæðavanda.

**SKIPULAGSMÁL** „Til þess að mæta kröfum tímans um aukið þjónusturými er óskað eftir aukningu byggingarmagns,“ segir í umsókn Domus Medica sem vill fá heimild til að byggja 2.200 fermetra þjónustubyggingu og 3.000 fermetra bílageymslu við læknamíðstöðina á Egilsgötu.

Bæði eigandi Heilsuverndarstöðvarinnar gömlu og íbúar á Egilsgötu mótmæla þessum áformum. Í dag eru 117 bílastæði við Domus en þau verða aðeins 114 eftir breytinguna, þar af 88 í nýju bílastæðahúsi.

Þorsteinn Steingrímsson segir fyrir hönd Heilsuverndarstöðvarinnar á Barónsstíg að stæðin við Domus þyrftu að vera 400 til 425 nú þegar. Þetta kemur fram í bréfi Þorsteins til skipulagsyfirvalda. Hann segir borgina geta bakað sér skaðabótaskyldu og áskilur sér rétt til að gera slíka kröfu.

„Það er ósk okkar að borgaryfirvöld kalli alla eignaraðila á þessu svæði á fund og freisti þess að koma góðum lausnum áleiðis en ekki pukra í sínu horni og eyðileggja fyrir nágrönnum og



DOMUS MEDICA Eigendur hússins segja þörf á að bæta þjónustuna með auknu rými en nágrannarnir óttast bílastæðaöngþveiti þar sem ekki sé gert ráð fyrir fjölgun bílastæða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

borgarbúum öllum,“ skrifar Þorsteinn og bendir á að lausn geti falist í sameiginlegu bílastæðahúsi á lóðum Heilsuverndarstöðvarinnar, Domus Medica og Droplaugarstaða. Teikning af því

þvingi okkur enn frekar með stækkuðum Domus,“ skrifar íbúarnir.

Aðrir íbúar við Egilsgötu lýsa yfir áhyggjum af sprengingum á byggingartímanum og áskilja sér rétt til skaðabóta verði hús þeirra fyrir skemmdum.

Enn aðrir íbúar segja í sínu bréfi að þeir geti ekki hugsað þá hugsun til enda að bæta eigi 2.200 fermetra þjónusturými við Domus án þess að fjölga bílastæðum. „Við höfum öll liðið fyrir „þunga“ starfsemi Domus Medica á umliðnum árum og gríðarlegan bílastæðaskort,“ skrifar íbúarnir.

Hverfisráð Miðborgar fagnar hins vegar að fækka eigi bílastæðum við Egilsgötu og gera önnur neðanjarðar. Einnig því að aðalinngangur eigi að vera frá Snorrabraut í stað Egilsgötu. Hverfisráðið gerir þó athugasemd við að útlit nýbyggingarinnar virðist ekki eiga að taka mið af húsinu sem fyrir er.

Tillaga Domus Medica er nú til skoðunar hjá formanni skipulagsráðs Reykjavíkur. Ekki mun vera ætlunin að ráðast í þessar framkvæmdir í núverandi efnahagsástandi.

gar@frettabladid.is



## HERJÓLFUR

– milli lands og eyja

## BREYTING Á ÁÆTLUN HERJÓLF

Að ósk Vegagerðarinnar verður áður auglýstri áætlun um fækkun ferða á tímabilinu janúar til apríl 2010 breytt. Auglýst var brottför kl. 08.15 frá Vestmannaeyjum og kl. 12.00 frá Þorlákshöfn á laugardögum. Eftir breytingu verður farið frá Vestmannaeyjum kl. 14.00 og frá Þorlákshöfn kl. 18.00. Áætlun á miðvikudögum er óbreytt. Breyting þessi tekur gildi laugardaginn 23. janúar.

Nánari upplýsingar um áætlunarferðir Herjólfur eru á vefnum, herjolfur.is.



Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.eimskip.is | www.herjolfur.is



SCOTT BROWN Frambjóandi repúblikana gerir sér góðar vonir um að hreppa sæti Kennedys. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið um þingsæti Kennedys í öldungadeildinni:

## Heilbrigðisfrumvarpið í voða

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar á Bandaríkjaþingi reyna nú að bjarga heilbrigðisfrumvarpi sínu, sem fengi varla endanlegt samþykki á þingi ef repúblikani sigrar í aukakosningum í dag um þingsæti Edwards Kennedy í öldungadeildinni.

Bæði fulltrúadeild og öldungadeild þingsins samþykktu frumvarpið fyrir júl, en ekki í samhljóða útgáfu. Síðan hefur staðið yfir vinna við að samræma útgáfunar þannig að báðar deildir geti samþykkt.

Repúblikaninn Scott Brown gerir sér góðar vonir um sigur í kosningunum í dag. Fari svo hafa repúblikanar 41 þingmann af 100, sem nægir þeim til að stöðva

afgreiðslu frumvarpsins úr deildinni með málþófi.

Demókratar eiga þá varla annars úrkosta en að láta fulltrúadeildina samþykkja frumvarpið eins og öldungadeildin gekk frá því fyrir júl. Margir demókratar í fulltrúadeild eru hins vegar ósáttir við ýmis ákvæði í útgáfu öldungadeildarinnar.

Ahrifamenn innan Demókrataflokksins, ekki síst Edward Kennedy sem lést síðasta sumar, hafa áratugum saman reynt að fá þingið til að samþykkja heilbrigðisfrumvarp sem tryggði öllum, eða nánast öllum, Bandaríkjamönnum sjúkratryggingar. -gb

Lög um stjórnmalasamtök:  
**Frambjóðendur minntir á lög**

**STJÓRNMÁL** Ríkisendurskoðun birti fyrir helgi upplýsingar og eyðublöð fyrir frambjóðendur í prófkjöri eða forvali fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar, 29. maí.

Frambjóðendur eru minntir á að kosti prófkjörbaráttan meira en 300 þúsund krónur skuli skila fjárhagslegu uppgjöri, eigi síðar en sex mánuðum frá því að kosningar fara fram. Heildarkostnaður má ekki fara yfir eina milljón, að viðbættu álagi miðað við fjölda kjósenda í kjördæminu.

Óheimilt er að taka á móti hærri framlögum en 300 þúsundum króna.

- kóp

Sprengjuárásir og skotbardagar í höfuðborg Afganistans:

# Mannskæð árás talibana í Kabúl

**AFGANISTAN, AP** Að minnsta kosti fimm manns létu lífið þegar talibanar gerðu sprengjuárás í miðborg Kabúl, höfuðborg Afganistans. Sjö árárarmannanna létu einnig lífið og nærri fjörutíu manns særðust.

Sprengjuárás var gerð á verslunarmiðstöð og í framhaldinu stóðu yfir skotbardagar í nokkrar klukkustundir fyrir utan nokkur ráðuneyti og inni í verslunarmiðstöðinni.

Árásin er sú alvarlegasta síðan í október þegar hópur vopnaðra manna réðst á gistiús í borginni sem starfsfólk Sameinuðu þjóðanna hefur notað og drápu þar

ellefu manns, þar á meðal þrjú starfsmenn Sameinuðu þjóðanna.

Árásin í gær var gerð sama dag og nokkrir ráðherrar í nýrri ríkisstjórn Hamids Karzai sóru embættiseiða sína. Eftir rúma viku hefst í London alþjóðleg ráðstefna um Afganistan, þar sem leitað verður leiða til að styrkja stjórn Karzais og takast á við talibana.

Talsmaður talibana, sem nefnir sig Zabiullah Mujahid, sagði við fréttastofuna AP að tuttugu vopnaðir menn, sumir búnir sjálfsvígsvestum, hafi haldið inn í borgina í þeim tilgangi að ráðast á forsetahöllina og fleiri opinberar byggingar.



ELDARNIR SLÖKKTIR Verslunarmiðstöðin í Kabúl sem talibanar réðust á.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fær bætur frá ríkinu:

## Sat saklaus inni í 19 klukkutíma

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugum manni hafa verið dæmdar 300 þúsund krónur í skaðabætur vegna ólögmaettrar handtöku. Maðurinn var einn margra sem handtekinn var eftir fólkskulega líkamsárás á tvo lögreglumenn í Hraunbæ í október 2008. Hann sat saklaus í fangaklefa í nítján klukkustundir.

Alls voru sjö manns dæmdir í fangelsi vegna árásarinnar í Hraunbæ. Maðurinn sem um ræðir var handtekinn ásamt þremur öðrum eftir að hafa yfirgefið samkvæmið þar sem árásin átti sér stað. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið tilefni til að handtaka manninn úr því að hann þvertók fyrir að hafa komið að árásinni eða halda honum svo lengi.

- sh



**VERÐLAUNIN AFHENT** Jón Laufdal, auglýsingastjóri Fréttablaðsins, afhenti Jóhannesi Karli verðlaunin í byrjun ársins.

Jólagetraun Fréttablaðsins:

## Vissi mest um lestur dagblaða

**GETRAUN** Jóhannes Karl Sigursteinsson, stjórnandi hjá birtingardeild auglýsingastofunnar EnnEmm, hlaut fyrstu verðlaun í jólagetraun söludeildar Fréttablaðsins, sem um jólin var með laufletta getraun meðal auglýsenda byggða á staðreyndum um lestur dagblaða á Íslandi. Á meðal spurninganna var hvaða blaði sé dreift til rúmlega áttatíu þúsund heimila á hverjum degi.

Þátttakan var framar vonum og augljóst að auglýsendur eru vel að sér þegar kemur að lestri dagblaða á Íslandi. Um 250 manns tóku þátt í jólaleiknum, að því er fram kemur í tilkynningu frá söludeild Fréttablaðsins. Jóhannes hlaut að launum ferð og gistingu fyrir tvo í Kaupmannahöfn í Danmörku eða London í Bretlandi.

- jab

## PRÓFKJÖR Á ÁLFTANESI

### Tólf í prófkjör

Tólf bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokks fyrir sveitarstjórnarkosningar á Álftanesi næsta vor. Þeir eru Bjarni Ragnarsson tölvunarfræðingur, Björn Halldórsson, slökkviliðs- og sjúkrafutningamaður, Elísabet Blöndal, Elías J. Bjarnason framkvæmdastjóri, Guðjón Andri Kárasón sölufulltrúi, Guðmundur G. Gunnarsson bæjarfulltrúi, Guðmundur Rúnar Kristjánsson leikstjóri, Hjördis Jóna Gísladóttir kennari, Kjartan Örn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Kristinn Guðlaugsson bæjarfulltrúi, Snorri Finnlaugsson fjármálastjóri og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri.



# Í GÓÐUM MÁLUM Á NÝJU ÁRI



Hollustan og heilsan eru málið á nýju ári. Ívar og Arnar mæla með reglulegri hreyfingu og hollum bita á Nesti. Renndu við og fáðu þér fitusnauðan og næringarríkan mat og drykk þegar þér hentar. Þá ertu í alltaf í góðum málum.



FRÉTTABLAÐIÐ



# Ráðherraraunir

## UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson svarar Katrínu Júlíusdóttur



JÓN GUNNARSSON

Katrín Júlíusdóttir staðfesti í þættinum Á Sprengisandi að þau verkefni sem iðnaðar-ráðuneytið hefur unnið að með erlendum aðilum væru öll komin í óvissu. Ég lagði henni ekki þau orð í munn eins og hún fullyrðir í Fréttablaðinu.

Það ætti að vera mjög hagkvæmt fyrir erlenda aðila að fjárfesta í íslensku atvinnulífi eins og staðan er í dag. Veik króna þýðir að þeir fá mikið fyrir sitt fé; vinnulaun og allur kostnaður innanlands er hagfelldur. Það hefur ekkert með Icesave að gera hvort hér er áhugavert fyrir erlenda aðila að fjárfesta eins og ráðherrann ímyndar sér. Það eru allt aðrar ástæður sem ráða því. Á ótrúlega stuttum tíma hefur þessi ríkisstjórn tekist að glutra niður því trausti sem á mörgum árum hafði tekist vinna Íslandi sem áhugaverðu landi fyrir uppbyggingu, m.a. í orkufrekum iðnaði. Það hefur hún gert með því að einbeita sér að því að leggja sem flesta steina í götu þeirra sem hér hafa verið í framkvæmdahugleiðingum.

Nærtækt er að nefna uppbyggingu á Bakka við Húsavík, framkvæmdir í Helgavík og aðgerðir Samfylkingarinnar í Hafnarfirði vegna stækkunar í Straumsvík. Allt eru þetta verkefni sem eru okkur lífsnauðsynleg til að auka framleiðslu á útflutningsvörum

til að efla hagvöxt í landinu. Skattahugmyndir ríkisstjórnarinnar hafa sýnt þessum áhugasömu aðilum það að því einu má treysta, þegar vinstri vitleysan fer af stað, að starfsumhverfi atvinnulífsins er stórskaðað með fjandsamlegum aðgerðum. Það samkeppnisfor-skot sem Ísland hafði á mörg önnur lönd lá í duglegu vinnu-sömu fólki, stöðugu pólitísku umhverfi og hagfelldu skattum-hverfi. Þau atriði vógu þungt í samanburði við aðra valkosti

Á ótrúlega stuttum tíma hefur þessi ríkisstjórn tekist að glutra niður því trausti sem á mörgum árum hafði tekist vinna Íslandi sem áhugaverðu landi fyrir uppbyggingu, m.a. í orkufrekum iðnaði.

sem buðu jafnvel upp á ódýrara vinnuafli og lægra orkuverð. Sá tími er því miður liðinn í bili og nú treysta hvorki erlendir né innlendir aðilar stjórnarfarinu hér, með skelfilegum afleiðingum fyrir uppbyggingu atvinnulífs. Skiljanlega halda allir að sér höndum þegar svona er komið. Ráðherranum virðist fyrirmunad að sjá þetta og fer honum þar líkt og öðrum í þeirri gæfulausu ríkisstjórn sem hún starfar í. Þar leiðir haltur blindan.

Höfundur er alþingismaður.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Visir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# ÚTSALA

## 25% afsl. af öllum vörum

Eitt mesta úrval landsins af ítölskum og íslenskum hornsófum

**Italsofa**  
Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri  
Verð áður kr. 572.000.- Verð nú kr. 429.000.-

*Sigild húsgögn*  
sófar og hornsófar í miklu úrvali

Tilboðsverð kr. 389.000.-

Rokkóskóll með slitsterku áklæði  
Tilboðsverð kr. 39.000.-

Náttborð/kommóða  
Breidd: 50 cm - Dýpt: 30 cm  
Hæð 74 cm  
Tilboðsverð kr. 29.000.-

Kommóða 5 skúffur  
Breidd: 76 cm - Dýpt: 36 cm  
Hæð 86 cm  
Tilboðsverð kr. 53.000.-

Úrval af slökunarstólum  
Með leðuráklæði eða taui og skemlum - Margir litir

Tilboðsverð m/ákl kr. 85.000.-  
Tilboðsverð m/leðri kr. 119.000.-


Tilboðsverð kr. 119.000.-

www.valhusgogn.is

**Val húsgögn**  
Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375  
Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

# LEIÐIR TIL AÐ LÆKKA GREIÐSLUBYRÐI

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður viðskiptavinum í fjárhagsvanda fjölda leiða til að létta á aukinni greiðslubyrði.



## GREIÐSLU SKJÓL 3+1

**Greiðsluskjól 3+1** er úrræði sem tekur bæði á vanda vegna hækunar höfuðstóls erlendra lána og aukins greiðslubunga.

- Lækkun á höfuðstól erlendra lána er um **26%** að meðaltali við skuldbreytingu yfir í íslenskar krónur.
- Greiðslubyrði getur lækkað um allt að **41%**.
- 3+1**. Greiðsluskjólsvextir í 3 ár með möguleika á aukaári fyrir skilvísa greiðendur.

Fastir verðtryggðir **3,95%** vextir í 3+1 ár.\*

Fastir óverðtryggðir **6,00%** vextir í 3+1 ár.\*\*

\*Verða eftir tilboðstímann 5,25%. \*\* Verða jafnir eins mánaðar Reibor-vöxtum + 1,5%.

## SÉRTÆK ÚRRÆÐI

Viðskiptavinum, sem glíma við sérlega erfiða fjárhagsstöðu, bjóðum við sértæk úrræði til lausnar á greiðsluvanda þeirra. Úrboði er 110% veðsetningarpak á fasteignalán, sértæk skuldaaðlögun auk fjölda sérsniðinna úrræða.

## GREIÐSLU JÖFNUN ÍBÚÐALÁNA

**Greiðslujöfnun** erlendra lána léttir greiðslubyrði auk þess að jafna sveiflur vegna gengisbreytinga. Höfuðstóllinn er áfram í erlendri mynt og hækkar því eða lækkar miðað við gengi íslensku krónunnar. Verðtryggð íslensk lán í skilum fóru sjálfkrafa í greiðslujöfnun í desember 2009.





**WWW.GARNSTUDIO.COM** er sniðug heimasíða fyrir þrjónaáhugafólk þar sem meðal annars má finna ókeypis þrjónauppskriftir. Einnig er þar að finna þýðingar á þrjónamáli úr dönsku, sænsku, norsku og finnsku.

# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**FLOTT Í VETUR...**  
með Slendertone

**TAX FREE**  
afnemum VSK á okkar kostnað

Sama verð um land allt, frá heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

NYTT

dömu/herra beltí  
Flex kr. 22.900,-  
Nú kr. 18.393,-  
Flex Max kr. 27.900,-  
Nú kr. 22.409,-  
System kr. 33.900,-  
Nú kr. 27.228,-

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
www.hreysti.is



Solveig tók þátt í æfingaáætlun á síðasta ári sem miðaði að því að undirbúa þátttakendur fyrir ferð á Hvannadalshnúk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HEYRN**

Ertu að fara á mis við hljóð sem skipta miklu máli?

- \* Tal fólks í margmenni
- \* Hjal smábarns
- \* Marr í snjónum

dot by ReSound ziga ReSound

GRÍPTU TIL ÞINNA RÁÐA  
Láttu sérmenntaðan heyrnarfræðing mæla heyrnina og fáðu faglega ráðgjöf.

ReSound  
rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur www.heyrn.is  
**Tímamantanir 534 9600**

## Dásamlegt að vera utan þjónustusvæðis

Solveig Thorlacius hefur gaman af útvist og gengur gjarnan á fjöll í nágrenni Reykjavíkur og víðar ef tími gefst. Á síðasta ári ferðaðist Solveig ásamt 210 öðrum göngugörpum upp á hæsta tind landsins.

„Þetta var ógeðslega gaman,“ segir Solveig Thorlacius, markaðsfulltrúi hjá Lýsi, sem gekk á Hvannadalshnúk, hæsta tind Íslands, í ársbyrjun 2009 og segir ekki loku skotið fyrir að hún endurtaki leikinn í ár.

Að sögn Solveigar var ferðin hluti af æfingaáætlun sem 66° norður og Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa staðið fyrir síðustu ár. Þátttakendum gefst kostur á að fræðast um næringu, klæðnað, búnað, öryggi og umhverfislega ábyrgð, ásamt því að fara í fjórtán göngur sem ætlað er að efla kunnáttu, öryggi, líkamlegt form og reynslu áður en haldið er á Hvannadalshnúk.

Solveig og fódursystir hennar, Hallveig Thorlacius, voru í hópi hvorki meira né minna en 210 göngugarpa sem fóru á hnúkinn

eftir að hafa tekið þátt í dagskránni. „Við gengum þetta samanlagt á um þrettán klukkustundum og stóðum okkur vel þótt ég segi sjálf,“ rifjar hún upp og bætir við að þeim frænkum hafi verið fagnað eins og hetjum þegar þær komu aftur niður. „Hetjupartíi var slegið upp, aðallega til heiðurs Hallveigu þar sem aðeins tveir mánuðir voru í sjötugsafmælið hennar,“ minnst Solveig.

Solveig segir göngugarpana hafa verið á öllum aldri og svo hafi virst sem líkamlegt form hafi ekki haft áhrif á getu þeirra. „Það er mikill misskilningur að maður þurfi að mæta í einhverju Vestfjarðavíkingsformi til að vera með. Þessi æfingadagskrá er náttúrulega sett saman í því skyni að rífa fólk af stað og hún er góður undirbúningur

fyrir erfiðari göngur,“ útskýrir hún og bætir við að dagskráin miði hvort eð er að því að efla líkamlegt form.

En hvað er svona heillandi við fjallgöngur? „Veistu, það er bara svo dásamlegt að vera utan þjónustusvæðis,“ svarar Solveig og hlær. „Fjallgöngum fylgir mikil kyrrð og svo getur maður hitt alls kyns skemmtilegt fólk eins og ég gerði í þessari ferð á Hvannadalshnúk.“

Beðin um að veita byrjendum í fjallgöngum heilræði ráðleggur Solveig fólki að vera vel undirbúið. „Lykilatriði er að athuga veðurspána, vera rétt klæddur, hafa með sér nauðsynlegan búnað eins og gps-tæki, láta vita áður en lagt er af stað, fara ekki einn eða æða út í buskann.“ roald@frettabladid.is

friendtex

☺ ☺ ☺

**DÚNDUR ÚTSALA**

MIKIÐ ÚRVAL AF ELDRI FATNAÐI FRÁ KR 1000

**ALLAR PEYSUR 2 FYRIR 1**  
**ALLAR BUXUR 2 FYRIR 1**  
**ALLIR BOLIR 2 FYRIR 1**

Opnunartími  
Mán. til fös. 11.00-18.00 laug. 11.00-16.00

Bonito ehf. Friendtex,  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

**Handíðir** Handíðanámskeið

Þæfing  
Nokkrar aðferðir við þæfingu á merínóull, grófari ull og merínóull+sílki  
9. feb. - 2.mars, þriðjud. kl. 19:20-22:00.

Rósavettlingar  
Þrjón og útsaumur  
28. jan. og 18. feb., fimmtud. kl. 19:20-22:00.

Íslenskir ullarsokkar  
4. - 11. feb., fimmtud. kl. 19:20-22:00.

Gimb  
Kennir að gimba á gimbnál og hekla/tengja einingar saman.

Orkering  
Aðferð við blúndugerð

Fótvefnaður  
Einföld bandagerð

Nánari upplýsingar á [www.handidir.is](http://www.handidir.is)  
Skráning á námskeið í síma 616 6973,  
eða á netfang: [handidir@handidir.is](mailto:handidir@handidir.is)

**Handíðir**  
Hamraborg 1, 200 Kópavogur  
Allt til þæfingar - taulitir - þvottavélarlitir - þrykklitir - lopi - þrjónaband o.fl.


# PRJÓNAVÖRUR



**HANNYRÐAVERSLUN**

*Mikið úrval af prjónagarni, prjónablöð og aðrar hannyrðavörur.*

**Hannyrðaverslunin Móly.**



**Ýmis spennandi prjónanámskeið**

**Ný spennandi barnateppabók frá Nálinni**

**Ýmis spennandi prjónanámskeið**

**Ný spennandi bók frá Nálinni: 9 prjónuð og 8 hekludu barnateppi.**



Nánari upplýsingar á [www.nalin.is](http://www.nalin.is)



## Rósaleppaprjón

Námskeið í rósaleppaprjóni laugardaginn 30. janúar kl. 13-17

Kennari: Héléne Magnússon höfundur bókarinnar Rósaleppaprjón í nýju ljósi. Lærið íslenskt myndprjón og kynnist því hvernig Héléne hefur þróað aðferðina í spennandi prjónaflikum. Kennt í Korpu Textíilverkstæði, Korpúlfsstöðum.

Verð 9.500 kr.

## Vetrarnámskeið Textílseturs – prjón og Sirrý 6.-9. mars

Námskeið í prjóni, hekli og orkeringu

Kennarar: Edda Lilja Guðmundsdóttir, Katrín Ósk Björnsdóttir, Helga Jóna Þórunnardóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir.


Innifalið: Námskeiðið „Að laða til sín það góða“ og „Þakklætisganga“ undir stjórn Sirrýar.

Handverksnámskeið í Kvinnaskólanum á Blönduósi þar sem andi formæðra ræður ríkjum. Setið er saman frá morgni til kvölds við hannyrðir án amsturs hversdagsins. Hádegisverður, hátíðarkvöldverður og kaffi innifalið.

Verð 44.500 kr.

Munið endurgreiðslur stéttarfélaganna.

Nánari upplýsingar [www.textilsetur.is](http://www.textilsetur.is) og [www.knittingiceland.com](http://www.knittingiceland.com) og í s. 894-9030



Nokkur sjól eru hönnuð af bókarhöfundinu, Sigríði Halldórsdóttur.

## Unnið með arf fortíðar

Prjónabókin Þríhyrnur og langsjól, eftir Sigríði Halldórsdóttur vefnaðarkennara, er komin út í annað sinn. Hún inniheldur 27 uppskriftir að íslenskum sjólum og hyrnum ásamt greinargóðum leiðbeiningum og skýringarmyndum af prjónaðferðum.

Uppskriftirnar eru flestar unnar eftir gömlum sjólum og hyrnum og uppruni þeirra er rakinn eftir því sem um hann er vitað. Margar fyrirmyndir eru kenndar við kunnar hannyrðakonur 19. og 20. aldar en nokkrar uppskriftir eru hannaðar af höfundinum Sigríði Halldórsdóttur. Einnig eru sögulegir punktar um prjón á Íslandi og notkun hyrna og sjala.

Bókin er einnig fáanleg með ensku þýðingarhefti. Ljósmyndir í hana tók Rut Hallgrímsdóttir ljósmyndari.

Upphaflega gaf Heimilisiðnaðarfélag Íslands út Þríhyrnur og langsjól en bókin hefur verið ófáanleg um árabil. Nú er það höfundurinn sjálfur sem er útgefandi. - gun

## Mikilvæg búbot

Prjón er aldagömul handverkshefð sem er þekkt um allan heim enda einföld aðferð til fatagerðar og því nýtsamleg.

Talið er að prjónakunnátta hafi borist til Íslands á 16. öld með enskum, þýskum eða hollenskum kaupmönnum sem sigldu hingað reglulega. Hér náði prjón strax mikilli útbreiðslu og kann meginástæðan að vera sú að miklu fljótlegri var að framleiða ullarvarning með þessu nýja verklagi en í kljástevestfötum sem þá voru notaðir til að vefa vaðmál til fatagerðar.

Íslendingar prjónuðu á sig margs konar flikur og prjón varð mikilvæg búbot á heimilum. Afurðirnar fóru að einhverju leyti eftir tískunni hverju sinni en meðal þess sem prjónað var til heimilisnota voru sokkar, belgvettingar, fingrasettingar, treflar, peysur, buxur, skór, hettur, húfur og

jafnvel axlabönd. Auk þess voru nærföt prjónuð og meira að segja sokkabönd kvenna. Tjöld og koddaver voru jafnvel prjónuð.

Fyrst og fremst var prjónað úr ullarbandi í sauðalitunum. Þó var band líka lítað, einkum svart, dökkblátt, rautt, grænt og gult. Oftast voru prjónaðar flikur þæfðar eftir á til að þær yrðu hlýrri og endingarbetri og héldu betur vatni í rigningu.

Það voru ekki bara konur sem prjónuðu fyrr á öldum heldur var ætlast til að allt vinnufært fólk gæti prjónað og börnum var kennt að prjóna ungum. Mikið var flutt út af prjónlesi sem var mikilvægur hluti heimilistekna, og áttu allir að skila af sér ákveðnu magni af prjónlesi á tilteknum tíma.

- gun



Prjónuð fót eru bæði mjúk og hlý eins og alkunna er.

FRÉTTAHLAÐIÐ/TEITUR

## PRJÓNAGARNIÐ FRÁ TINNU FÆST HJÁ OKKUR!



**TINNA**

**RÚMFATA LAGERINN**

HERBERGID • BAÐID • HEIMILID

ÁÐENS ÓDÝRARI

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**



**PRJÓNAGARN Í MIKLU ÚRVALI**

[www.europris.is](http://www.europris.is)



# þorrinn

ÞRIÐJUDAGUR 19. JANÚAR 2010

Vinsæl  
útlutningsvara  
Bandaríkjamenn og  
Asiubúar eru sólgnir í  
íslenska hrútpunga.  
SÍÐA 2



Furðulegt  
góðgæti  
Íslenski þorramatur-  
inn á sér hliðstæðu  
víða um heim.  
SÍÐA 6



## Er hákarlinn góður?

Misjafnar skoðanir eru uppi um ágæti hákarlsins. Í föstudagsvari Vísindavefjar Háskólans má finna niðurstöður tilraunar sem vefurinn stóð fyrir á því hvort fólki þyki í alvörunni hákarl góður.

Fyrsti hluti könnunarinnar var unninn þannig að starfsmaður vefjarins sótti þorrablot og spurði: Finnst þér hákarl góður í alvöru eða ertu bara að þykjast til að gefa í skyn að þú sért svalari en þú ert? 100 prósent svaraenda sögðu að sér fyndist hákarlinn góður en allmargir neituðu að svara. Svarhlutfall var 7 prósent.

Tveir skvettu úr glasi framman í starfsmann Vísindavefjarins og þrír sögðu honum að hypja sig heim. Í öðrum hluta könnunarinnar var falinni myndavél komið fyrir við hákarlsbakkann



Skiptar skoðanir eru á ágæti hákarlsins eins og könnun Vísindavefs leiddi í ljós.

og kom í ljós að stór hluti þeirra sem fengu sér hákarl á diskinn hentu honum í ruslið.



Öll eistu sem afurðastöð KS og Hvammstanga ræður yfir eru flutt úr landi en Asíubúar og Amerikanar eru hrifnir af afurðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● **FJÓRÐI MÁNUÐUR VETRAR** Þorri er fjórði mánuður vetrar í gamla norræna tímatalinu. Þorri hefst í þrettándu viku vetrar og alltaf á föstudegi.

Fyrsti dagur þorra er nefndur bóndadagur en þann dag var sú hefð að bóndinn hoppaði í kringum bæinn á nærhaldinu einu fata. Einnig var hefð að húsmóðirin færi út kvöldið áður og byði þorranum inn í bæ. Til eru heimildir um að betri matur hafi verið gefinn fyrstu daga þorra og góu, en nú hefur sú hefð komist á að hjón gefi hvort öðru blóm þessa daga. Síðasti dagur þorra er nefndur þorraþráll.

Þorri er nefndur í heimildum frá miðöldum sem persónugervingur vetrarins og þar er einnig minnst á þorrablot, en ekki er vitað um hvað þau snerust. Þorrablot eru svo tekin upp sem veislur „að fornum sið“ undir lok 19. aldar.



● **HOLLUR OG GÓÐUR** Súrmatur er af mörgum talinn úldinn og óhollur matur, sem er fjarri sanni. Súrmatur er matur sem hefur verið lagður í skyrmysu í nokkra mánuði. Við súrsun er maturinn lagður í mysu, en þá sást vítamín úr mysunni í matinn, auk þess sem sýran verndar ýmis bætiefni í matnum. Hér áður fyrr fór matvælaframleiðslan fram á haustin og breyta þurfti aðferðum til að geta geymt matinn stóran hluta ársins. Þar sem menn bjuggu við saltkort var brugðið á það ráð að leggja matinn í súr. Í dag þegar súrmatur er súrsaður er stöðugt fylgst með pH-gildi hans og þegar sýrustigið í matvælnum er komið niður í pH 4-4,5 geta sjúkdómsvaldandi örverur ekki fjölgað sér og maturinn verður því öruggur til neyslu.



## Hver pungur nýttur

Súrsaðir hrútsþungar eru einn vinsælasti þorramaturinn en framleiðslufyrirtæki þorramatar segjast hafa súrsað hvern pung sem þau komust yfir. Minna framboð var af hrútsþungum í sláturhúsunum í ár en áður vegna útflutnings þar sem eistu hafa náð miklum vinsældum erlendis.

„Framleiðslan á þorramat í ár er svipuð og árið á undan en reyndar höfðum við minna af þungum til að spila úr. Hingað til höfum við getað keypt þunga af öðrum sláturhúsum í framleiðsluna. Vegna útflutnings úr landi var staðan ekki þannig núna,“ segir Ingvar Gíslason, markaðsstjóri hjá Norðlenska.

Súrsaðir hrútsþungar voru samkvæmt skoðanakönnun Bændablaðsins á síðasta ári eftirlætisþorramatur landans og Auðjón Guðmundsson, markaðsstjóri Kjarnafæðis, segist kannast við að erfiðara hafi verið að útvega þunga í ár. „Við þurftum að hafa meira fyrir því að útvega þungana í ár þótt við teljum að það verði nóg handa öllum,“ segir Auðjón.

Guðmundur Svavarsson, sölu- stjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands, segist finna fyrir auknum áhuga og



Ingvar Gíslason, markaðsstjóri hjá Norðlenska, segist hafa fundið fyrir því að erfiðara væri að fá þunga í súrsun nú í ár en árið þar á undan.

tilhneigingu neytenda til að kaupa þjóðlegan mat og súra sviðasultan sé ekki síður vinsæl en súru hrútsþungarnir. Guðmundur segir að hver pungur sé súrsaður en þeir eru ekki í útflutningi og sækja ekki aðföng til annarra sláturhúsa.

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga ásamt afurðastöð Hvammstanga sér um þriðjung af allri slátrun í landinu en Ágúst Andrésson, forstjóri afurðastöðvarinnar, segir að fyrirtækið flytji

öll eistu úr landi. „Þessi útflutningur hefur smám saman verið að vinda upp á sig en mikill áhugi er á íslenskum eistum í Asíu sem og Bandaríkjunum,“ segir Ágúst. Djúpssteikt eistu eru orðin vinsæll réttur í Bandaríkjunum en í Asíu er allur gangur á því hvernig eistun eru matreidd að sögn Ágústs. „Þetta er fínn gjaldveyrir sem við fáum þarna inn í landið og við höfum markaðssett eistun sérstaklega síðustu tvö árin.“

-jma

## Ætla að spila fyrir Íslendinga í Lúx

Góðar danshljómsveitir eru gulli betri, ekki síst á þorranum þegar þörfin fyrir að sletta úr klaufunum er mikil hjá almenningi eftir að hafa údað í sig þjóðlegan mat. Poppararnir í Poppsmiðjunni á Akranesi eru meðal þeirra sem gera út á dansleikjamarkaðinn. Talsmaður þeirra er Bjartur Logi Finnsson söngvari og hann er spurður hvort vertíðarstemning sé hjá sveitinni núna. „Já, það má segja það,“ svarar hann glaðlega. „Við verðum um næstu helgi á Höfn í Hornafirði og svo ætlum við í útrás til Evrópu og spila á þorrabloti Íslendingafélagsins í Lúxemborg.“

En hvernig tónlist telur Bjartur Logi passa best með svona forníslenskum mat? Verða þeir félagar með fimmundarsöng eða fara popp og súrir þungar bara vel saman? „Já, félagar mínir eru vel menntaðir menn og vel spilandi. Það fá allir eitt-

hvað við sitt hæfi,“ segir hann og heldur áfram: „Þetta er bara alhliða tónlist sem allir geta dansað við, á hvaða aldri sem þeir eru. Við erum með allt frá völsnum og rælum upp í rokk tónlist.“



Poppsmiðjan er þriggja ára gömul hljómsveit. Auk sigildra danslaga hafa liðsmenn sveitarinnar haslað sér völl sem lagasmíðir og leyfa frumsömu efni að fljóta með á böllunum að sögn Bjarts Loga. Sum lögin hafa verið í spilun á öldum ljósvakans, jafnvel komist á vinsældalista. „Sú ást“ sem kom út síðastliðið sumar er dæmi um slíkt lag.


Þess má geta að Bjartur Logi er náfrændi Stebba Hilmars og með áþekka rödd. Hann er líka söngvari með hljómsveit Hauks Þorvaldssonar á Höfn og skýst upp á svið með henni þegar þörf er á.

-gun

Poppsmiðjan: Logi Guðmundsson trommuleikari, Sigurbór Þorgilsson bassaleikari, Bjartur Logi Finnsson söngvari, Erlingur Viðarsson gítarleikari og Einar Harðarson gítarleikari.

MYND/MICHAEL CLAXTON

**ERTU ORKULAUS?**  
Viltu finna orkubreytingu  
**STRAX!**



Enaxin total er frábær jurtaformúla með Rhodiolu ásamt dagskammti af vítamínum og steinefnum

Þægilegt, aðeins 1 tafla á dag

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.

# Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.  
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Tilvalið fyrir  
árshátíðina!

# Allt í steik

9. janúar – 28. febrúar

## 4ra rétta seðill

1 HUMAR OG SALTFISKKRÓKETTUR  
með tómatsultu, blönduðu salati og humarmajonesi

2 RJÓMALÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA  
með steiktum tígrisrækjum, rjómatoppi og karryolíu

VELDU MILLI FJOGURRA AÐALRÉTTA

FISKUR DAGSINS  
ferskasti hverju sinni, útfærður af  
matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

3 PÖNNUSTEIKTUR FASANI  
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

PRIME RIBS  
með kartöfluturni, Bearnaisesósu  
og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND  
með grænmetismósaík  
og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULADIFRAUÐ  
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik  
verð frá **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan  
Sími 562 0200 - Fax 562 0207  
Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is





Diskar eftir Þóru Breiðfjörð eru handgerðir og skreyttir með útlinum Íslands. Afar þjóðlegir diskar sem myndu sóma sér vel undir þorramatinu.

## Íslensk hönnun á þorra

Íslenskir hönnuðir hafa verið ötulir við að sækja sér innblástur í íslenska menningu og hefðir og leikur íslensku náttúra þar stórt hlutverk og ullin af íslensku kindinni. Hér eru nokkrir hlutir sem myndu sóma sér vel á þorrahlaðborðinu.



Brennivínsokkurinn þarfnast varla frekari útskýringar. Hann er hannaður af Höllu Helgadóttur er sniðinn utan um íslenskar Brennivínflöskur, og getur haldið þeim heitum eða köldum, eftir því sem við á.

Herðubreið og Hraun og mosi eru íslensk hönnun eftir hönnunarteymið Heima og eru stykki unnin úr þæfðri íslenski ull. Herðubreið er stykki sem er sniðið eins og fjallið sem það sækir nafn sitt til og er þrískipt og hægt að nota á marga vegu. Nýttist sem skraut á borði auk þess sem hægt er að leggja potta eða skálar á stykkið.

## Upplýfting í skammdeginu

Þorinn og allt sem honum viðkemur er umfjöllunarefni nýrrar bókar Ragnhildar Gísladóttur og Steinunnar Þorvaldsdóttur.

„Þarna fjöllum við um siðina sem fylgja þessu tímabili og kynnum að auki til sögunnar ýmsar skemmtilegar nýjungar,“ segir Ragnhildur Gísladóttir, sem hefur ásamt Steinunni Þorvaldsdóttur gefið út bókina Velkominn Þorri, sem er helguð þorranum.

Að sögn Ragnhildar kviknaði hugmyndin að bókinni fyrir fimmtán árum. „Þetta byrjaði sem einkahúmor milli okkar Steinunnar, þegar við fórum að gera alls kyns skraut sem tengdist þorranum. Fyrr en varði fór okkur að þykja viðfangsefnið svo skemmtilegt að við ákváðum að búa til bók. Við vonum bara að hún eigi eftir að kveikja í fólki og létta því lund þar sem þetta getur verið svo harður árstími.“

Auk fróðleiks af ýmsu tagi er að finna í bókinni viðtöl við þekktu einstaklinga, eins og Halldór S. Gröndal og Jóhannes Stefánsson í Múla-kaffi, sem hafa átt þátt í að skapa og viðhalda þorrahefðinni. En með útgáfu bókarinnar vonast þær Ragnhildur og Steinunn jafnframt til að leggja sitt á vogarskálarnar í þeim efnum. „Enda er þessari einu séríslensku hátíð ekki gert nógu hátt undir höfði að okkar mati, því þorran á að halda eins og jól og páska,“ segir Ragnhildur og bætir við að grunnur sé lagður að því í bókinni þar sem kennt er að búa til ýmsar skemmtilegar þorraskeiðingar.

Þá er að finna í bókinni nótur að tveimur nýjum þorralögum eftir Ragnhildi við texta Steinunnar.



„Upphaflega vorum við kannski ekkert rosalega áhugasamar um gömlu þorrahefðirnar,“ viðurkenna þær Ragnhildur og Steinunn. „Áhuginn hefur vaknað við bóka-skrifin og eins virðing fyrir hefðunum og hvernig fólk þurfti að bjarga sér í gamla daga.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta eru tvö lög og textar sem við sömdum í tilefni af útgáfu bókarinnar. Annað lagið, Velkominn Þorri, er komið í spilun í útvarpinu en hitt lagið, Þorinn er kominn, ætlum við að frumflytja í þætti Loga Bergmanns Eiðssonar

næstkomandi föstudag,“ útskýrir Ragnhildur og bætir við að þær njóti líðsinnis nokkurra meðlima úr karlakórnum Fóstbræðrum og tónlistarmannanna Davíðs Þórs Jónssonar og Helga Svavarssonar.

- rve



Lagt á borði að hætti Ragnhildar og Steinunnar.



Í bókinni eru ráðleggingar um hvernig megi gera þorran notalegan.



Leiðbeiningar í föndur- og skrautgerð fylgja með í bókinni Velkominn Þorri.

Veljum íslenskt

ÖMUBAKSTUR

## Með þorramatnum

**Ömmu flatkötur**

**Ömmu spelt flatkötur**

**Ömubakstur ehf.**  
Kársnesbraut 96a | 200 Kópavogi | S: 545 7000

## Falleg staup undir þorrasnafsin

Mörgum finnst ómissandi að hafa ákavíti eða íslenskt brennivín með þorramatnum. Víða um bæ má finna falleg staup undir mjóðinn, sem gera mikið fyrir útlit þorraborðsins. - jma



Ólöf Erla Bjarnadóttir hefur hannað nokkrar tegundir af vinstaupum í gegnum árin en þessi eru úr postulíni. Kirsuberjatréd, Vesturgata 4. Verð: 2.200 krónur.



Klassískt staup frá Leonardo. Kokka, Laugavegi 47. Verð: 400 krónur.



Leirlistakonan Kristín Sigfríður Garðarsdóttir á heiðurinn að þessum fallegu „veltistaupum“. Kirsuberjatréd, Vesturgata 4. Verð: 5.400 krónur (tvö saman í pakka).



Litfagurt og konunglegt staup úr línu sem kallast „Greta“. Habitat, Holtagöðum. Verð: 6.600 krónur (fjögur í kassa).



# Matbordid

Bíldshöfða 18 110 Reykjavík  
Pöntunarsími 567 2770 Fax 567 2760  
matbordid@matbordid.is

## ÞORRAMATUR



**ALMENN VEISLUPJÓNUSTA**  
**FERMINGAR - MUNIÐ AÐ PANTA TÍMANLEGA**

[www.matbordid.is](http://www.matbordid.is)

## Íslenskt bakkelsi

Flatkökur eru oft bornar fram með þorramatnum. Hér er einföld uppskrift að flatkökum sem eru bakaðar á pönnukökupönnu.



### UPPSKRIFT

#### Flatkökur

4 bollar hveiti  
4 bollar haframjöl  
1 bolli rúgmjöl  
1 tsk. salt  
1 msk. sykur  
½ tsk. matarsóði  
1 ketill af sjóðandi vatni



Flatkökur er tilvalið að bera fram með þorramatnum en þær er einfalt að gera.

Þeim snúið við og bakaðar á hinni hliðinni. Gott er að setja þær heitar í plastpoka eða vefja í rakt viskastykki, til að koma í veg fyrir að þær harðni. Flatkökur geymast ágætlega í frysti.

Vatnið er soðið og hellt yfir þurrefnin. Deigið er hnoðað á meðan það er heitt og er því ágætt að nota hreina gúmmihanska. Deigið er hnoðað og flatt út í þunnar kökur. Pönnukökupannan er hituð og kökurnar bakaðar við góðan hita þar til komnir eru svartir flekkir neðan á þær. Þá er



Kim Chee er sýrt kál upprunnið frá Kóreu. Kálið er látið standa í bala fullum af vatni, salti og rauðum pipar. Venjulega er það látið standa í nokkrar vikur áður en það er borið fram en einnig er það stundum geymt mánuðum saman í leirpottum sem grafnir eru í jörðu. Við sýringuna myndast bragð sem minnir á edik.



Steiktir grænir tómatar urðu frægir í mynd og bók með sama heiti. Þessir óproskuðu ávextir þykja ljúfmeti víða í suðurhluta Bandaríkjanna.




P'tcha er klassískur réttur meðal gyðinga í Austur-Evrópu. Hann er unninn úr kálfafótum og verður nokkurs konar hlaup. Stundum eru einnig notaðir kjúklingafætur eða -bein. Rétturinn er stundum kallaður galla eða gallaretta, fisnogen eða cholodyetz. Kannski má helst líkja þessum rétti við sviðasultu Íslendinga. Marga klukkutíma tekur að útbúa réttinn.

## BLÓTAÐU EINS OG FAGMAÐUR



MÁL OG MENNING  
www.fortlagid.is



Þorablótssiðir að fornu og nýju í skemmtilegri bók eftir Árna Björnsson þjóðháttufræðing.

Bókinni fylgir viðamikill bálkur þorakvæða með nótnaskrift.

## Furðulegt góðgæti

Þorramaturinn íslenski á sér hliðstæðu víða um heim. Flestir kannast við skerpukjötið, hvalspikið og ræstkjöt í Færeyjum en súr, þurrkaður og annar furðulegur matur er borðaður víða um heim og er yfirleitt hluti af þjóðararfi viðkomandi landa. Réttirnir eiga það flestir sameiginlegt að smakka illa í fyrstu.

-sg  
Heimild: weird-food.com og wikipedia.org.



Fugu er allsérstæður japanskur réttur. Ígulfiskurinn inniheldur eitru sem getur banað manni. Aðeins sérþjáfaðir kokkar mega matreiða fiskinn sem sagt er að smakkið guðdómlega enda kostar hann sitt. Talið er að þessi eitraði fiskur bani um 300 manns á ári í Japan.



Surströmming kallast sænskur réttur sem samanstendur af súrri síld í dós. Síldin er látin súrna í tunnum í einn til tvo mánuði. Síðan er hún sett í dósir. Dósirnar blása oft út en yfirleitt er slík síld borðuð utandyra þar sem lyktin sem gýs upp þegar dósir eru opnuð er yfirþyrmandi.

Skerpukjöt er vindþurrkað kjöt sem borðað er í Færeyjum. Flestir heima menn verka sitt kjöt sjálfir. Ferðamenn eru flestir látnir smakka kjötið sem er þó alls ekki allra. Annar þjóðarréttur Færeyinga er ræstkjöt en það er sigið lambkjöt.



Petai-baunir lykta eftir því sem næst verður komist eins og metangas. Fæstum þykja baunirnar góðar við fyrsta smakk en þær eru vinsælar í Laos, suðurhluta Tílands, Búrma, Malasíu, Indónesíu og víðar.

Xinchin er sýrð fiskisósa sem búin er til úr sítrónusafa og chili-pipar. Sumir líkja bragðinu við skemmt túnfisksalat. Þessi sósa er nokkuð notuð í sumum hlutum Mexíkó.



Fufu er vinsælt víða í Afríku. Rétturinn er búinn til úr stöppuðum sætuhnúðum og borðaður í litlum slímugum boltum án þess að tyggja, venjulega með kryddaðri jarðhnetusósu.



Tempeh er réttur sem upprunninn er í Indónesíu. Tempeh litur út eins og þykk kexkaka en er búinn til úr sýrðum og mygluðum sojabönum sem pressaðar eru í harða kubba. Tempeh er sérstaklega vinsælt á eyjunni Java.

## Sérsmíðum þorrabakka

Allar stærðir í boði. Getum einnig smíðað eftir þínum hugmyndum. Uppl. S: 660-1050 - 660-1055



## Hákarla Afi

Þorablótsnefndir & Veisluþjónustur athugið!  
Hákarlinn fáir þið hjá mér • sími 894-7980

**BORÐAR ÞÚ ÞORRAMAT?**

## Læt aðra um gráa matinn

**Þ**orramatur er samansafn af gömlum og sæmilega heppnuðum varðveisluáferðum á mat; súrsun, kæsing og fleira. Ég er hrifnari af nýju aðferðunum - eins og til dæmis ísskápnum. Svo finnst mér góður matur einfaldlega betri en vondur matur og læt aðra um að borða þetta gráa í bókunum. Þorrabjórinn er hins vegar góður!"  
*Örn Úlfar Sævarsson, dómari í Gettu betur.*



## Blóðmör er herramannsmatur

**S**viðakjamar, lifrapysla og blóðmör, rúgbrauð og rófu-stappa er herramannsmatur sem ég myndi vilja borða allan ársins hring. Ég dreg hins vegar mörkin við kæstan hákarl eða mat sem þarf að skola niður með ótæpilega miklu magni af íslensku brennivíni, til að forðast handbragðið daginn eftir. Fyrir utan dýrindis þjóðlegan mat finnst mér mest sjarmerandi við þorran að sjá íslenska karlmenn hoppa á öðrum fæti kringum heimili sitt á bóndadaginn, með buxurnar á hælunum."  
*Lif Magneudóttir, vefstjóri.*



## Gæti jafnvel útskýrt Icesave

**É**g borða þorramatinn án þess að vita í raun hvað ég er að setja upp í mig. Þetta er hörmulegur siður, af hverju að borða ónýtan mat? En þetta gæti svo sem útskýrt Icesave, menn geta bara skellt í sig nokkrum eistum og stofnað svo innlánsreikninga í útlöndum, brjálaðir af testosteróni. Við eigum að láta af þessum ósið áður en við gerum fleiri skandala."  
*Karl Ferdinand Thorarensen, innkaupastjóri hjá Emmessís.*



Mosi og lyng getur nýst sem borðskraut.

## Góða veislu gjöra skal

Þorramatur er oftast borinn fram í trogum, en það er vel hægt að raða honum á fallett leirtau séu trog ekki til staðar. Hér eru nokkrar góðar hugmyndir um hvernig er hægt að skreyta veisluborðið á þorranum.

**1. Mosi og lyng** Nóg er af mosa í íslenskri náttúru sem getur nýst vel til að skreyta veisluborðið. Mosanum er einfaldlega hægt að koma fyrir í skálum með kertum og jafnvel fjörusteinum. Lyngið getur svo nýst til að skreyta servíettur og disk.

**2. Fjörusteinar** Standi til að hafa sætaskipan er fallett að safna nokkrum fjörusteinum og skrifa á þá með silfurlituðum eða hvítum penna nafn gestanna og leggja við hvern disk.

**3. Fróðleiksmolar** Fallegir handskrifaðir miðar með fróðleik um íslenska menningu og sögu geta reynst ágætir sem smá krydd í boðið. Þeim er hægt að koma fyrir við hvern disk eða setja þá samanbrotna í skál við hlaðborðið.

- kep




Það var orðið dýrt að geta varla hreyft sig  
 Bo Tavell 65 ára



### Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýmar brjóskefverinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að náust saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar- og hjálíðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður Liður með slitnum brjóskef

## Nú er ég liðugur á ný!

Í mörg ár hefur Bo stundað áhugamál sín þrátt fyrir stíra og auma liði. Hann lét ekki þráláta verki og stíðleika stöðva sig. „Eftir að ég kynntist NutriLenk er lífið langtum léttara og bjartara," segir hinn sænski Bo Tavell, 65 ára. „Það er klárt mál að líf mitt er allt annað og betra eftir að ég byrjaði að nota NutriLenk."

Bo Tavell hefur mýmörg áhugamál og vill lifa lífinu til hins ýrasta. Hann ekur vélhjól og er virkur í torfæruakstri, sem er mjög erfitt vélhjólaspott. Bo fer einnig á brimbretti, skíði og lagar húsið sitt svo eitthvað sé nefnt. Fyrir nokkrum árum fór hann að verkja í finger og hné.

**Ég er þver og vildi ekki láta neitt stoppa mig**  
 „Ég þverkallaðist við og lét ekkert stoppa mig í að lifa virku lífi og gerði það oft á hnefanum sem var erfitt! Hugarinn náði ekki alltaf að yfirstíga sársaukann og var ég farinn að framkvæma minna og minna."

**Hné og finger**  
 „Ég viðurkenni að geðslagið og liðirnir voru ekki upp á sitt besta og var ég orðinn hálf niðurdreginn þegar góður

vinur benti mér á NutriLenk. Strax eftir tveggja vikna inntöku fann ég fyrir miklum létti og átti mun betra með að hreyfa mig og best var að endurheimta húmorinn á ný," segir Bo skellihljæjandi.

**4.500 km á vélhjól**  
 „Fyrir nokkru var mér boðið í brúðkaup til Rúmeníu. Ég ákvað að fljúga til Rómur og keyra þaðan á vélhjól í brúðkaupið sem var 2.250km leið! Sem gerir jú 4.500 km báðar leiðir. Áður en ég byrjaði að taka inn NutriLenk hefði ég aldrei nokkurn tímann getað farið út í svona ævintýri í því ástandi sem ég var. En eftir að ég kynntist NutriLenk þá var ekki mikið mál að leggja upp í þetta ævintýri sem gekk alveg fyrirtaks vel. Reynar fann ég fyrir smá þreytuverk í baki eftir að hafa setið svona lengi á hjólinu en það hefðu nú flestir gert!" bætir Bo kíminn við.

**Mæli gjarnan með NutriLenk**  
 „Ég mæli eindregið með því að þeir sem hafa auma og slitna liði taki inn NutriLenk."

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið**  
 NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskefverinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóska. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styrkja við brjóskefverinn og viðhalda honum.

**Vara ársins!**  
 NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskefversýrnum. Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.**



# Sérblaðið Eldhús

Kemur út fimmtudaginn 21. janúar 2010

- Búsáhöld
- Eldhúsinnréttingar
- Leirtau
- Rafmagnstæki
- Stólar og borð

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband  
 Hlynur Þór • hlynurs@365.is • Sími 512 5439  
 Benedikt • benediktj@365.is • Sími 512 5411



#### ● ALLS KYNS GEYMSLU- AÐFERÐIR

Þorramatur er flestallur sá matur sem unninn er með gömlum matvinnsluaðferðum. Þorinn, sem er fjórði mánuður vetrarmánaðar, samkvæmt gamla íslenska tímatalinu, gat reynst mönnum erfiður hér áður fyrr þegar lífsbaráttan var miklu harðari en hún er í dag. Þá reyndist mikilvægt að eiga mat í geymslu sem hafði verið unninn að hausti. Ýmsum aðferðum var beitt við að geyma matinn, hann var ýmist súrsaður, reyktur, kæstur eða þurrkaður. Dæmi um þorramat eru kæstur hákarl, súrir hrútsþungar, svið, hangikjöt og harðfiskur.

#### ● GOTT MEÐ HARÐ- FISKI

Kryddsmjör er gjarnan notað með bökuðum kartöflum eða kjöti, en það hentar einnig ágætlega með harðfiski og getur verið skemmtileg tilbreyting með þorramatnum. Auðvelt er að útbúa sitt eigið kryddsmjör með því að láta smjör standa á borði svo það verði mjúkt. Þá er hrært við það ýmsu kryddi og það svo sett aftur í kæli. Ýmsu er hægt að blanda saman við smjör. Til dæmis hvítlauki, ferskum kryddjurtum, karrí og jafnvel stöppuðum rauðrófum. Fallegt er að setja kryddsmjör í falleg ílát, eins og til dæmis lítil glös og látið kólna í þeim í kælinum. Kryddsmjör er borið kalt fram með harðfiskinum.



#### ● BORIÐ FRAM SEM SNAFS

Brennivín er gjarnan drukkið með þorramatnum til að skola honum niður. Svartur miði einkennir flöskuna en upphaflegur tilgangur miðans var sá að gera flöskuna fráhrindandi. Brennivín er bruggað úr gerjuðum kartöflum og kryddað með kúmeni. Lengst af sá ÁTVR um framleiðsluna en svo tók Vífilfell við henni og nú síðast Ölgerðin. Lengi vel var vinsælast að drekka brennivín í vatni eða kóki en nú er það oftast borið fram sem snafs.



## Sumir eru sólnir í sterka bragðið

Kæstur hákarl er af mörgum talið mesta lostæti, en þegar matur er kæstur er hann látinn gerjast og byrja að rotna. Með þessu fæst fram sterkt bragð sem sumir eru sólnir í.

Ein aðferð til að njóta bragðsins til hins ýtrasta er að tryggja hann þrisvar sinnum lengur en annan mat og anda vel inn um nefið á meðan. Þá rífur hann í á svipaðan hátt og wasabi sem neytt er með sushi-réttum.

Margir telja hákarl hollan og eru dæmi um það að kæstur hákarl slái á magaverk. Hins vegar er ófrískum konum ráðlagt frá því að neyta hans sökum þess hversu hátt kvikasilfursmagn hefur greinst í hákarli. Flestir neyta hans þó í litlu magni og láta aðeins einn bita nægja.



Sumum þykir kæstur hákarl rífa í svipað og wasabi sé hann tugginn lengi og andað vel inn um nefið á meðan.

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

**59%**  
Lesn  
bara  
Fréttablaðið

**8,8%**  
Lesn  
bara  
Morgunblaðið

Auglýsing í  
Fréttablaðinu  
nær til yfir  
**91%**  
lesenda  
blaðanna

**32,2%**  
Lesn bæði  
Fréttablaðið og  
Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvívert.

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.



Allt sem þú þarft...





Myllan er dæmi um mjúka veröld prjóns og hekls.



Litrík innsetning sem Sarah Applebaum býr til.

# Garnþráðurinn verður uppspretta sköpunar

Prjón í nýju samhengi er undirtitill norrænnar prjónahátíðar sem Norræna húsið heldur nú í sumar og samanstendur af sýningu og viðburðadagskrá frá Þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní, til 4. júlí.

Margir skemmtilegir og forvitnilegir viðburðir eru á dagskrá prjónahátíðarinnar í Norræna húsinu í sumar. Má þar nefna prjónaveislu undir berum himni, málþing um höfundarrétt í prjónaheiminum, fyrirlestra og smíðjur fyrir börn og unglíngja og svo listsýningar hvers konar.

„Fólk mun ganga inn í mjúka veröld prjóns og hekls,“ segir Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri hátíðarinnar, sem hún segir þá fyrstu sinnar tegundar á Norðurlöndunum. Hún bendir á að þegar hugsað sé um prjón dags daglega detti fólk í hug húfur, treflar, peysur og annar hlýlegur fatnaður en á hátíðinni verði garnþráðurinn uppspretta margs konar sköpunar. „Prjóni og hekli í öllum sínum margbreytileika verður fagnað því sú tækni verður notuð til að búa til listaverkin,“ útskýrir hún.


Prjónahönnuðir og listamenn munu heiðra hátíðina með þátttöku sinni, flestir þeirra norrænir en líka þær Patricia Waller, fædd í Chile en búsett í Þýskalandi, og Sarah Applebaum frá Bandaríkjunum. „Þær eru báðar mjög villtar í sinni sköpun og verða með litríkar innsetningar,“ lofar Ilmur Dögg.

jma@frettabladid.is /gun@frettabladid.is



Eitt af særðum dýrum Patricíu Waller.

Fatnaður verður eftir prjónahönnuðinn Jóhönnu av Steinum.



Heimilisíðnaðarfélagið heldur námskeið í prjóni fyrir byrjendur nú í janúar og febrúar. Nemendur læra að prjóna slétt og brugðið og garðapryjón, fitja upp og fella af.

www.heimilisidnadir.is

**Námskeið**  
Prjón, hekl, þjóðbúningasaumur og margt fleira

**Verslun**  
Plötulopi - einband - léttlopi - kambgarn - prjónauppskriftir



Verið velkomin



HEIMILISÍÐNAÐARFÉLAG ÍSLANDS  
Nethyl 2E, 110 Reykjavík  
s. 551 7800 - 551 5500 - 895 0780  
hfi@heimilisidnadir.is • www.heimilisidnadir.is

**Denise Prjónasettin**  
Gott verð - lífstíðarábyrgð




**Þríhyrnur og Langsjöl**  
Prjónabókin eftir Sigríði Halldórsdóttur

Fæst hjá Handíðum, Hamraborg 1, Kópavogi  
Bókin er einnig fáanleg með ensku þýðingarhefti. Bókina er hægt að kaupa í gegnum netverslun Handíða: [www.handidir.is](http://www.handidir.is)  
Heildsöluðreifing: [hs@heimsnet.is](mailto:hs@heimsnet.is)



**Ný og skemmtileg prjónabók**

með fjölbreyttum uppskriftum allt frá ungbarnahosum upp í fullorðinspeysur. Einnig ýmislegt fyrir krakkana í dótakassann og fyrir ferfætlingana. Höfundar eru mæðgugar Jóna Svava Sigurðardóttir (Prjóna Jóna) og Rannveig Sigurðardóttir.

Fáanleg á [PrjonaJona.com](http://PrjonaJona.com) á aðeins 2800 kr




**Ný sending af garni**  
Skráning á byrjendanámskeið í prjóni og hekli.



Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - [www.fondra.is](http://www.fondra.is)  
Opíó 10-18 virka daga, laugardaga 11-16





B|A|S|L|E|R

**ÚTSALA! ÚTSALA!**  
Útsala í fullum gangi!  
Frábær tilboð.

**Parisar**  
TÍZKAN  
Tízkuhús, stofnsett 1963

Skipholti 29b • S. 551 0770

Kynverund verður til umfjöllunar á málþingi þriðjudaginn 26. janúar.

## Heilbrigði, ást og erótík

Málþing um kynverund er haldið í tilefni útkomu bókarrinnar *Kynlíf – heilbrigði, ást og erótík*.

Kynstur ráðgjafarstofa stendur í samvinnu við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Bókaútgáfunu Opnu fyrir málþingi um kynverund þriðjudaginn 26. janúar í húsnæði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga að Suðurlandsbraut 22. Málþingið er haldið í tilefni af útgáfu bókarrinnar *Kynlíf – heilbrigði, ást og erótík* sem kom út fyrir stuttu. Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis. Fundarstjóri er Sólveig Anna Bóasdóttir. - kg

## Erum kynverur alla ævi

Nýverið var sett á fót þverfræðilegt fagræð um kynheilbrigði í samstarfi Háskóla Íslands og Landspítalans. Sóley S. Bender, formaður ráðsins, segir aukna þekkingu og rannsóknir lykilatriði á þessu sviði.

„Við erum kynverur alla okkar ævi og getum glímt við sjúkdóma og ýmislegt annað sem hefur áhrif á kynheilsu okkar. Það þarf að kortleggja þennan viðkvæma málaflokk og byggja smám saman upp þekkingu, því hann hefur sannarlega áhrif á vellíðan okkar sem einstaklingar.“ segir Sóley S. Bender, forstöðumaður fræðasviðs um kynheilbrigði og formaður þverfræðilegs fagræðs Háskóla Íslands, HÍ, og Landspítalans (LSH) um kynheilbrigði.

Fagræðið var stofnað 7. janúar síðastliðinn og starfar samkvæmt samstarfssamningi HÍ og LSH. Sóley segir ráðið skipað konum sem starfi á ýmsum stöðum sem hafa með kynheilbrigðismál að gera, til dæmis á kvenna-deild, húð- og kynsjúkdómadeild og geðdeild Landspítalans og Neyðarmóttöku. „Það hefur aldrei fyrr verið sett saman sérstakt fagræð um þessi mál og því löngu kominn tími til. Ég tel að það sé ákaflega mikil þörf meðal heilbrigðisstarfsfólks að geta rætt um þessi mál. Flestar erlendar rannsóknir benda til þess að starfsfólk geirans sé oft ekki nógu vel í stakk búið til að ræða um kynheilbrigði á fullnægjandi hátt. Þess vegna er afar mikilvægt að til sé vettvangur þar sem mögulegt er að vinna að þessum málum á faglegan og góðan hátt,“ segir Sóley.



Sóley telur mikla þörf meðal starfsfólks heilbrigðisgeirans að geta rætt um kynheilbrigði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hugtakið kynheilbrigði nær yfir það sem á ensku er kallað „sexual and reproductive health“. „Þetta er fremur vítt hugtak, en innan þess er þekking algjört lykilatriði,“ segir Sóley, en meðal skilgreindra hlutverka fagræðsins er að stuðla að þróun sérfræðiþekkingar og taka þátt í að móta klíniska kennslu á þessu sviði innan LSH.

Ráðið á einnig að vera ráðgefandi um kynheilbrigðismál og

stuðla og standa að rannsóknum á sviði kynheilbrigðismála, en Sóley segir vanta talsvert upp á að þessum málaflokki sé sinnt með rannsóknum hér á landi. Þá er á dagskrá ráðsins að halda árlegan kynheilbrigðisdag, sem Sóley telur líklegt að verði með haustinu. „Það blasa heilmörg verkefni við okkur og ég efast ekki um að leitað verði til okkar í miklum mæli,“ segir Sóley.

kjartan@frettabladid.is

RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR

**Prjónum saman**  
Kennsludiskur um prjón

**PRJÓNUM SAMAN**  
– kennsludiskur um prjón eftir Ragnheiði Eiríksdóttur

Rúmlega 40 aðferðir í prjóni  
3 sætar prjónauppskriftir  
Skýrar leiðbeiningar fyrir byrjendur og lengra komna

Frábærar viðtökur:  
Hann er alger snilld fyrir byrjendur og lengra komna. Það var ýmislegt sem ég hafði ekki séð :o)  
Barnaland.is

Mundi kaupa prjónum saman, sem er dvd með skrolljón skemmtilegum aðferðum við prjónaskap, ég á hann og finnst hann æði!  
Barnaland.is

Til hamingju með þennan snilldardisk, búið að læra margt nýtt og rifja upp gömul trikk sem voru löngu gleymd :D  
UÓK, facebook

... algjör snilld þessi diskur!  
SJ, facebook

**KNITTING ICELAND**

Prjónum saman og Knitting Iceland eru á facebook

teg. Coco - BH áður kr. 6.990,-  
nú kr. 3.495,- buxur áður kr. 4.350,-  
nú kr. 2.175,-

teg. Soda - BH áður kr. 6.990,-  
nú kr. 3.494,- buxur áður kr. 2.650,-  
nú kr. 1.325,-

**Misty** - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070  
Sími 551 3366.  
Opíð mán.-fös. 10-18,  
laugard. 10-14  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
www.misty.is

**Hlúðu að sjálfum þér**

**Námskeið í slökun og sjálfstyrkingu**  
- Laugardaginn 6. febrúar í Bláa lóninu -

Skráning og nánari upplýsingar  
í síma 821 9300 eða á hugarorka@hugarorka.is

Steinunn Valdimarsdóttir  
Slökunarfræðingur & Markþjáfi  
www.hugarorka.is

**hugarorka**

**Hefur þú viljann, þá hef ég uppskriftina ...**

Lærðu að borða hollan og góðan mat og taktu á aukakilónum.  
**5 kíló á 5 vikum!**

Sjá nánar á www.vigtarradgjafarnir.is

Íslensku Vigtarráðgjafarnir  
vigtarradgjafarnir.is  
865-8407

Hringdu í síma

**512 5060**

ef blaðið berst ekki





Sendum  
um land allt

**NÓATÚN**

Við gerum meira fyrir þig

# Þorrahlaðborð

- fyrir 10 eða fleiri -

Nú getur þú haldið þorraveisluna án mikillar fyrirhafnar.  
Glæsilegt þorrahlaðborð að hætti Nóatúns með öllu því sem til þarf.

Sjá nánar á [www.noatun.is](http://www.noatun.is)

**1.990**  
kr. á mann

**ÞORRINN 2010**

**Innihald:**

Hangikjöt  
Sviðasulta  
Gríساسulta  
Harðfiskur  
Hákarl

Saltkjöt  
Lifrarpylsa, ný  
Rófustappa  
Rúgbrauð  
Flatkökur

Súr hvalur  
Súr sviðasulta  
Súr gríساسulta  
Smjör  
Síld

Súrir lundabaggar  
Súrir bringukollar  
Súr lifrarpylsa  
Súr blóðmör  
Súrsaðir pungar

**Panta þarf með fyrirvara:**

Hafðu samband við þína Nóatúns verslun  
eða á [www.noatun.is](http://www.noatun.is)

**NÓATÚN**

[www.noatun.is](http://www.noatun.is)



LJÓSIÐ

## Fræðslufundir fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein

Mjög vandaðir fræðslufundir sem miða að auknum skilningi og þekkingu á því breytingarferli sem verður í lífi karlanna sem greinast með krabbamein.

Tími: 8 skipti, hefst 27. jan kl: 17:30

**pítu, PARTY!**

allar **PÍTUR** m/frönskum & gosi

**995.-**

15.-31. JAN.

**pítan**

SKIPHOLTI 50c SÍMI 562 9090

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Auglýsingasími

**512 50 50**

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

## Öll erum við ömurleg

**BAKPANKAR**  
Hólmfríður Helga Sigurðardóttir

Ísland ætti að verða fyrsta land í heimi til að hafa ríkisstjórn eingöngu skipaða konum. Þegar ég rakst á þessa hugmynd á vefsíðu einni, þar sem fólk leggur fram tillögur um hvernig megi bæta lífið í landinu, sá ég strax fyrir mér stórbætt samskipti við útlönd.

Í almannatengslunum yrði lögd áhersla á að við íslenskar konur eigum allt aðrar formæður og -feður en þessir kolbrjáluðu víkingar í teinóttu jakkaftönum sínum. Við erum keltneskar að uppruna og þeir rændu okkur! Svo rústuðu þeir öllu og nú erum við mættar til að taka til eftir þá. Útlenskar samninganefndir myndu umsvifalaust leggja kylliflatur fyrir snilli íslenskra kvenna.

**PRÁTT FYRIR** hvað hugmyndin er snjöll mun sá sem tillöguna átti þó sennilega þurfa að bíða líf sitt á enda eftir því að sjá hana verða að veruleika. En nú nálgast sveitarstjórnarkosningar og um leið möguleikinn til að hafa áhrif. Fyrsta skrefið í átt að drauminum gæti verið að kjósa eingöngu konur í prófkjörum.

**ANNARS FINNST MÉR** prófkjaratíminn alltaf jafn spaugilegur. Fólk sem var einu sinni venjulegt, og ég rakst stundum á

í Bónus, úrillt og vírað, nöldrandi í maka sínum eða við sjálf sig í hálfum hljóðum, er nú komið á auglýsingaspjöld með nýhvíttaðar tennur í frosnu brosi, augu í háglans og vatnsgreitt hár.

**PETTA FÓLK** virðist vera komið til að redda málanum. Það ætlar að lappa upp á gömlu og góðu gildin, styðja við nýsköpun, standa vörð um fjölskyldur og reisa eldri borgurum þann stall sem þeir hafa unnið fyrir og eiga skilið.

**EN EITT** er það vandamál sem frambjóðendurnir standa sameiginlega frammi fyrir. Stór hópur fólks er orðinn ónægur fyrir gylliboðum og yfirborðskendum tófraboðskap. Þannig að ég er með hugmynd fyrir ykkur, kærur frambjóðendur. Hvernig væri að koma frekar til dyranna eins og þið eruð raunverulega klæddir? Í frotteslopp og nariunum frá því í fyrra-dag. Segiði okkur hvað þið eruð að meina í alvörunni. Hvað ætliði að gera og hvernig ætliði að fara að því?

**EKKI FELA YKKUR** á bakvið þessar glansmyndir. Við vitum nefnilega alveg að þið eruð jafn breyskir og við hin. Öll erum við dálítið ömurleg og þið líka. Sýnið bara í ykkur tennurnar, látið finna fyrir því hvað þið eruð frek, þrjúsk og hversu vel þið hafið lagt refsakir stjórnmalaleiksins á minnið. Innst inni dæmst við hin að ykkur fyrir að nenna að standa í þessu.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

## TILBOÐ



RAUÐSPRETTA  
FROSIN

598 kr/kg

# Gerðu góð kaup

KJÚKLINGABRINGUR  
900g




1.398 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR  
700g



1.098 kr/pk.

SMÁLÚDUFLÖK  
FROSIN



989 kr/kg

áður 1.499 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á [www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

Á meðan birgðir endast  
Birt með fyrirvara um prentvillur

**NÝTT Í BÍÓ!**

**VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI**

**BESTA MYND  
BESTI LEIKSTJÓRI**

★★★★★  
H.S. MBL

★★★★★  
H.S. Morgunblaðið

★★★★★  
H.S. Morgunblaðið

★★★★★  
E.E. DV

★★★★★  
Dr. Gunní Fréttablaðið

★★★★★  
H.S. Morgunblaðið

**600 kr.**

Gildir ekki í 3D eða Lúxus

**AVATAR**

LÚXUS 2D 90.000 GESTIR! 10

---

**MAMMA GOGO**

H.G. Poppland Rás 2

H.K. Frjáls Verslun

---

**THE ROAD**

600 kr.

★★★

Ö.H.T. RÁS 2

Á EINU AUGNABLIKI  
BREYTTIST HEIMURINN...  
...AD EILIFU!

---

**HANN MUN SJÁ UM  
RÆTTLÆTID!**

600 kr.

PRÆLMÖGNUM  
SPENNUMYND Í ANDA  
GRAN TORINO

---

**MORGANS?**

600 kr.

HUGH GRANT OG SARAH JESSICA PARKER  
FARA Á KOSTUM Í FRÁBÆRRI GAMANMYND.

---

**ALVIN OG IKORNARNIR 2**

600 kr.

YFIR 25.000 GESTIR!

---

**BESTA LEIKKONAN**

600 kr.

Meryl Streep Amy Adams  
**Julie & Julia**

---

**FRÖNSK kvikmyndahátíð**

í Háskólabíói 15.-28. janúar

---

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

DYHAT MORGANS	kl. 4:40 - 8 - 10:20	7	MAMMA GÓGÓ	kl. 6 - 8 - 10	L	
MAMMA GÓGÓ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L	AVATAR 3D	kl. 6 - 9:30	10	
AVATAR 3D	kl. 4:40 - 7 - 8 - 10:20	10	FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ			
AVATAR 2D LÚXUS	kl. 4:40 - 8	10	FRUMGRÁTURINN	kl. 10	Enskur texti	L
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 3:40 - 5:50	L	LJÚFA PALOMA	kl. 8	Enskur texti	L
			NIKULÁS LITLI	kl. 6	Enskur texti	L
			ÞAD VAR EKKI EG, EG ...	kl. 10:20	Enskur texti	L
			EDRÚ	kl. 8	Enskur texti	L
			MORDKVENDI	kl. 6	Enskur texti	16

facebook.com/smarabio  
ADDÁENDUR GETA UNNID BÍOKORT ÚT ÁRIÐ,  
BOÐSMÍÐA Á FÓRSÝNINGAR O.M.F.L.

---

**REGNBÖGINN** Sími 561 9000

HARRY BROWN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16	BORGAR BÍÓ	Sími 462 3500	
THE ROAD	kl. 5:30 - 8 - 10:20	16	DYHAT MORGANS	kl. 10	7
TAKING WOODSTOCK	kl. 8 - 10:30	14	MAMMA GÓGÓ	kl. 8	L
ALVIN & IKORNARNIR 2	kl. 6 Isóskt tal	L	ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 6	L
ALVIN & THE CHIPMUNKS 2	kl. 6 Enskt tal	L	AVATAR 2D	kl. 6 - 9	10
JULIE & JULIA	kl. 8 - 10:35	L			

**NÝTT Í BÍÓ**

**LAUGARAS BÍÓ** Sími: 553 2075

**PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR**

**TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR**  
KENNA ÍSLENSKAR OG 3D MYNDIR

**500 KR.**

**500 KR.**

**SÝNINGARTÍMAR**

DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS?	kl. 8 og 10-10	L
MAMMA GÓ GÓ	kl. 6, 8 og 10	10
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 6	L
AVATAR 3D - POWER	kl. 6 og 9	10

**SHERLOCK HOLMES**

YFIR 58.000 GESTIR!

... meinfyrir...

... það var lagið...

**BJARNFREDARSON**

★★★★★  
B.S. fréttablaðið

★★★★★  
DÖR DNA dv

**VERTU ÞÍN EIGIN HETJA**

**WHIP IT**

★★★★★  
... það var lagið...

---

**SAMRÁÐIÐ ÁLFABAKKA**

SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20D - 6:15D - 8D - 9 - 10:20 - 10:40D	12
SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	VIP
WHIP IT	kl. 5:40 - 8	10
BJARNFREDARSON	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
PRINSESSAN OG FRÖSKURINN	M/Ísl. Tali kl. 5:50	L
SORORITY ROW	kl. 8	16
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 10:30	12

---

**SAMRÁÐIÐ KRINGLUNNI**

SHERLOCK HOLMES	kl. 5:30D - 8D - 10:10D - 10:40D	12
BJARNFREDARSON	kl. 5:40 - 8	L
WHIP IT	kl. 10	10
PRINSESSAN OG FRÖSKURINN	M/Ísl. Tali kl. 6	L
PRINSESSAN OG FRÖSKURINN	M/Ensku. Tali kl. 8	L

---

**SAMRÁÐIÐ AKUREYRI**

SHERLOCK HOLMES	kl. 5:40 - 8 - 10:40	12
BJARNFREDARSON	kl. 8 - 10:20	L

**PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600**  
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR



MUNADARLEYSINGJARNIR Bjóða upp á tekjutengda leiksýningu.

## Tekjutengd leiksýning

Leikhópurinn Munaðarleysisingjarnir sýna nú þrillerinn Munaðarlaus eftir enska leikskáldið Dennis Kelly í Norræna húsinu. Sýningin hefur gengið vel og spurst út.

Tekin var upp sú nýbreytni að hafa aðgangseyrinn tekjutengdan. Þannig borgar lágtekjufólk

2.000 kr., meðaltekjufólk 3.000 kr. og hátekjufólk 5.000 kr. Að sögn Vignis Rafns Valþórssonar leikstjóra virðist lágtekjufólk aðallega mæta í leikhús um þessar mundir, en sumir játa þó á sig hærri tekjur þegar þeir horfa í augu fátækra listamannanna sem settu verkið upp án styrkja.

## Þriðja barnið á leiðinni



CLAUDIA SCHIFFER Ofurfyrirsætan á von á sínu þriðja barni.

Þýska ofurfyrirsætan Claudia Schiffer á von á sínu þriðja barni með eiginmanni sínum Matthew Vaughn. Hin 39 ára blondína er komin fimm og hálfan mánuð á leið og á von á sér í maí. „Við erum himinlifandi og getum ekki beðið eftir því að bæta nýjum meðlimi í fjölskylduna,“ sagði hún. Schiffer og Vaughn, sem gengu í hjónaband árið 2002, eiga fyrir hinn sex ára Caspar og hina fimm ára Clementine.

## Avatar fékk Gullhnöttinn

Stórmyndin Avatar var valin besta dramatiska myndin á Golden Globe-verðlauna-hátíðinni sem var haldin í Los Angeles. Leikstjórinn James Cameron var einnig verðlaunaður.

Það eru samtök erlendra fréttamanna í Hollywood sem standa á bak við Golden Globe-verðlaunin, sem þykja gefa góðar vísendingar um hverjir hljóta Óskarsverðlaunin 7. mars næstkomandi.

„Þetta er besta starf í heimi,“ sagði Cameron þegar Avatar var kjörin besta myndin. „Starf okkar snýst um að skemmta áhorfendum úti um allan heim.“ Cameron vann einnig Golden Globe fyrir að leikstýra Titanic og í framhaldinu fékk myndin ellefu Óskarsverðlaun. Avatar hefur þénað 1,6 milljarða dollara, eða um tvö hundruð milljarða króna. Talið er að hún muni sigla fram úr Titanic í þessari viku, sem þénaði á sínum tíma 1,8 milljarða dollara, og verða um leið tekjuhæsta mynd sögunnar.

The Hangover var kjörin besta myndin í söngleikja- eða gamanmynda-flokki auk þess sem Up var valin besta teiknimyndin.

Hin margverðlaunaða Meryl Streep var valin besta leikkonan í söngleik eða gamanmynd fyrir hlutverk sitt í Julia & Julia og Sandra Bullock var valin besta dramatiska leikkonan fyrir frammistöðu sína í The Blind Side. Þetta voru hennar fyrstu Golden Globe-verðlaun. Það sama var uppi

SANDRA BULLOCK Bull-ock fékk verðlaun fyrir hlutverk sitt í The Blind Side.



AVATAR James Cameron ásamt framleiðanda og aðalleikurum Avatar þegar þau tóku á móti Golden Globe-verðlaununum.

á teningnum hjá Jeff Bridges sem vann fyrir myndina Crazy Heart. Robert Downey Jr. var kjörinn besti leikarinn í söngleikja- eða gamanflokki fyrir hlutverk sitt í Sherlock Holmes. Mo'Nique var valin besta aukaleikkonan í dramaflokki fyrir hlutverk sitt í Precious og hinn austurríski Christoph Waltz sigraði í karlaflokki fyrir eftirminnilega frammistöðu í Inglorious Basterds.

Kvikmyndin Brothers,

sem Sigurjón Sighvatsson framleiddi, var tilnefnd til tvennra verðlauna en fékk hvorug. Sömu leiðis var The Hurt Locker, þar sem Karl Júlíusson sá um leikmyndina, sniðgengin.

Mad Men var valinn besti dramabátturinn í sjónvarpi og í flokki söngleikja- eða gamanþátta stóð Glee uppi sem sigurvegari. Báðir þættirnir eru sýndir á Stöð 2. Michael C. Hall úr Dexter, sem er sýndur á Skjá einum, fékk Golden Globe sem besti leikarinn í dramabætti og Julianne Margulies vann sömu verðlaun fyrir The Good Wife en þeir verða einnig sýndir á Skjá einum.

Besti leikarinn í söngleikja- eða gamanþætti var kjörinn Alec Baldwin fyrir 30 Rock og í kvennaflokki vann Toni Collette fyrir United States of Tara. Báðir þættirnir eru sýndir á Skjá einum.




JEFF BRIDGES Fékk sín fyrstu Golden Globe-verðlaun fyrir Crazy Heart.

## Brothers gengur vel í miðasölu

„Við settum okkur það markmið að ná þrjátíu milljón dollara markinu og mér sýnist við vera að ná því,“ segir Sigurjón Sighvatsson, einn af framleiðendum kvikmyndarinnar Brothers en hún hefur fengið prýðilega dóma í bandarískum fjölmiðlum þótt myndin hafi ekki náð neinum Golden Globe-styttum á sunnudagskvöldið. „Það voru vissulega vonbrigði, maður hélt að U2 myndi nú rúlla þessu upp en svona er þetta,“ segir Sigurjón en írsku rokkrisarnir voru tilnefndir fyrir lag kvikmyndarinnar, Winter. Þá var Tobey Maguire einnig tilnefndur sem besti karleikari í aukahlutverki en sá á eftir styttnu til Jeff Bridges.

Sigurjón kveðst vera nokkuð sáttur við aðsóknina en segir að mikið vilji alltaf meira. „Myndin fékk mjög góða dóma og aðsóknin



ÁNÆGÐUR Sigurjón er ánægður með árangur Brothers en hún mun sennilega ná þrjátíu milljóna dollara markinu í miðasölu í Bandaríkjunum. Myndin verður frumsýnd í Bretlandi um helgina.

var mjög góð. En svo kom Avatar og hún gerði eiginlega það sem enginn bjóst við að myndin gerast, hún

gleypti gjörsamlega alla aðsókn,“ útskýrir Sigurjón.

Brothers skartar auk Maguire þeim Jake Gyllenhaal og Natalie Portman í aðalhlutverkum en myndin verður frumsýnd í Bretlandi um helgina. Sigurjón kveðst bjartsýnn á gott gengi enda er írskur leikstjóri myndarinnar, Jim Sheridan, í miklum metum þar, að ekki sé talað um Bono og félagar. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð á forsýningum og ég held að myndin eigi eftir að ganga vel í Evrópu, þetta er ádeila á Ameríku og Ameríkanar eru ekkert sérstaklega mikið fyrir að láta deila á sig. Evrópubúar kunna hins vegar vel að meta slíkar myndir.“ - fgr



## Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg



2,0 dísil 5 giru 6 dyra.  
Skrd. 07/2006. Ek. 57.000 km.  
Verð 2.290.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.



**Volvo XC70 SE AWD (RX481)**  
2,4i D5 dísil sjálfstíptur station.  
Rafr. framsæti, viðarklæðning,  
bakskynjari ofl.  
Skrd. 08/2006. Ek. 62.000 km.  
Verð 5.390.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.  
Kjörinn bíll 4.890.000 kr.




**Citroën C4 SX (PP605)**  
1,6i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Skrd. 02/2006. Ek. 26.110 km.  
Verð 1.990.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 300.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.690.000 kr.



**Mazda6 Touring (ZG338)**  
2,0i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Dráttarkrökur ofl.  
Skrd. 04/2006. Ek. 52.300 km.  
Verð 2.250.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 380.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.870.000 kr.



**Ford Focus Titanium (RY413)**  
bensín sjálfstíptur station.  
Skrd. 04/2005. Ek. 45.000 km.  
Verð 2.290.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 200.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.090.000 kr.



**Mazda6 Touring (MG718)**  
2,0i bensín sjálfstíptur 4 dyra.  
Vindskeið að aftan, tilmur í  
arturrúðum ofl.  
Skrd. 12/2006. Ek. 58.120 km.  
Verð 2.390.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 200.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.190.000 kr.



**Mazda3 Touring Plus (TJ096)**  
1,6i bensín 5 giru 4 dyra.  
Skrd. 11/2006. Ek. 55.530 km.  
Verð 2.130.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 140.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.990.000 kr.



**Citroën C4 Comfort (K1473)**  
1,6i bensín 5 giru 5 dyra.  
Skrd. 09/2006. Ek. 42.000 km.  
Verð 2.090.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 300.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.



**Volvo S60 SE (L1333)**  
2,0i Turbo bensín sjálfstíptur  
4 dyra.  
Skrd. 02/2006. Ek. 72.000 km.  
Verð 3.290.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 600.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.690.000 kr.



**Lincoln Navigator Ultimate AWD (YB901)**  
5,4i V8 bensín sjálfstíptur 8 manna.  
Skrd. 09/2006. Ek. 61.000 km.  
Verð 5.890.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 600.000 kr.  
Kjörinn bíll 5.290.000 kr.



**Citroën C4 SX (SU476)**  
1,6i bensín 5 giru 5 dyra.  
Skrd. 10/2006. Ek. 56.000 km.  
Verð 1.970.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 280.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.690.000 kr.



**Citroën Xsara Picasso Exclusive (LX727)**  
1,6i bensín 5 giru 5 dyra.  
Skrd. 10/2006. Ek. 54.125 km.  
Verð 2.240.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 350.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.890.000 kr.



**Ford Berlingo Van (NA604)**  
bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Skrd. 03/2004. Ek. 82.300 km.  
Verð 1.900.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 140.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.750.000 kr.



**Ford Focus Trend (LS059)**  
1,6i bensín 5 giru 5 dyra.  
18" álfelgur, uppþitanleg frammúða,  
dökkklæðar rúður að aftan ofl.  
Skrd. 08/2006. Ek. 50.000 km.  
Verð 2.340.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 250.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.090.000 kr.



**Ford Focus ST (BY271)**  
2,5i 225 hó bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
18" álfelgur, Recaro stólar, sportjörðun  
ofl.  
Skrd. 03/2006. Ek. 38.000 km.  
Verð 2.790.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 200.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.590.000 kr.



**Ford Mondeo Trend (UA864)**  
2,0i bensín sjálfstíptur station.  
Uppþitanleg frammúða, loftkæling  
ofl.  
Skrd. 09/2006. Ek. 37.000 km.  
Verð 2.390.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 250.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.140.000 kr.



**Ford Explorer XLT**  
4,0i V6 bensín  
7 manna.  
Leðuráklæði, 1  
dráttarbeiði, h  
Skrd. 02/2006  
Verð 3.190.000  
Íslendingaafslá  
Kjörinn bíll 2.4



**Ford Focus Trend (NG526)**  
1,6i bensín sjálfstíptur 4 dyra.  
Skrd. 08/2006. Ek. 43.000 km.  
Verð 2.290.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 400.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.890.000 kr.



**Ford Explorer Sport Trac XLT Sport AWD (OJ370)**  
4,0i V6 bensín sjálfstíptur 4 dyra.  
Dráttarbeiði, tvískipt lok á palli,  
loftkæling ofl.  
Skrd. 09/2006. Ek. 68.000 km.  
Verð 3.250.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 660.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.590.000 kr.



**Volvo XC90 SE (P0227)**  
4,4i V8 bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Skrd. 11/2005. Ek. 71.000 km.  
Verð 5.990.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.  
Kjörinn bíll 5.490.000 kr.



**Ford Expedition Limited 8 manna AWD (PK570)**  
5,4i V8 bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
35" breyting, leðuráklæði, sólluga,  
dráttarbeiði ofl.  
Skrd. 09/2006. Ek. 29.000 km.  
Verð 5.390.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 200.000 kr.  
Kjörinn bíll 5.190.000 kr.



**Volvo C5 SX (JL179)**  
bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
tarkrökur ofl.  
Skrd. 10/2005. Ek. 60.050 km.  
Verð 2.240.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 450.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.



**Volvo S80 AWD (KK948)**  
4,4i V8 bensín sjálfstíptur 4 dyra.  
Leðuráklæði, sólluga, 18" álfelgur,  
Xenon aðalhljóð ofl.  
Skrd. 01/2007. Ek. 40.000 km.  
Verð 6.790.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 400.000 kr.  
Kjörinn bíll 6.390.000 kr.



**Ford Escape XLS AWD (ZU506)**  
2,3i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Skrd. 12/2004. Ek. 78.000 km.  
Verð 2.790.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 260.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.890.000 kr.



**Ford Transit Connect 220S (MV528)**  
1,8 dísil 5 giru 6 dyra.  
Skrd. 12/2005. Ek. 51.000 km.  
Verð 1.590.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 300.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.290.000 kr.



**Ford Transit Single Cab (RK660)**  
2,0 dísil 5 giru 2 dyra.  
Dráttarbeiði, álpallur ofl.  
Skrd. 07/2006. Ek. 66.000 km.  
Verð 2.550.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 360.000 kr.  
Kjörinn bíll 2.190.000 kr.




**Citroën Berlingo Van (D0114)**  
2,0HDi dísil 5 giru 6 dyra.  
Skrd. 09/2005. Ek. 62.900 km.  
Verð 1.370.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 380.000 kr.  
Kjörinn bíll 990.000 kr.



**Volvo XC90 AWD (SA562)**  
2,5i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Leðuráklæði, GSM sími inn,  
tölvustýrt miðstöð, 18" álfelgur ofl.  
Skrd. 07/2004. Ek. 114.000 km.  
Verð 3.690.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 500.000 kr.  
Kjörinn bíll 3.190.000 kr.



**Ford Transit 280S (RK899)**  
2,0 dísil 5 giru 6 dyra.  
Rennihúð einnig á vinstri hlið,  
Klæðning í gólf ofl.  
Skrd. 09/2006. Ek. 47.000 km.  
Verð 2.320.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 330.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.990.000 kr.



**Mazda3 Touring Plus (VE799)**  
1,6i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Skrd. 12/2006. Ek. 60.300 km.  
Verð 2.150.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 160.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.990.000 kr.



**Citroën C5 SX (JL179)**  
2,0i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Dráttarkrökur ofl.  
Skrd. 10/2005. Ek. 60.050 km.  
Verð 2.240.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 450.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.790.000 kr.



**Citroën C5 SX (DH529)**  
2,0i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Skrd. 03/2006. Ek. 49.300 km.  
Verð 2.290.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 400.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.890.000 kr.

stu kjörin í dag

Komdu í dag. Opið til kl. 18

Lítu við í kaffi í dag. Komdu. Spjallaðu við sérfræðinga Brimborgar um nýárskjörin.

**Citroën C5 SX (DH529)**  
2,0i bensín sjálfstíptur 5 dyra.  
Skrd. 03/2006. Ek. 49.300 km.  
Verð 2.290.000 kr.  
Íslendingaafsláttur 400.000 kr.  
Kjörinn bíll 1.890.000 kr.



Kauptu bílinn á nýárskjörum í dag

Nýja árið er í Brimborg Öruggur kjörstaður að vera á.

Vertu í takt við tíðarandann. Vertu frjáls, segðu já við óháðu og frjálsu bílaumboði. Vertu óháð(ur), segðu nei við óréttlæti. Komdu og skoðaðu kjörin hjá Brimborg - gerðu bílakaup ársins á sérstökum nýárskjörum. Komdu í kaffi. Alveg kjörið.

Áfram Ísland. Komdu í Brimborg.

frjálstoáóháð



Öruggur staður til að vera á

## > Arnór byrjar líklega í dag

Líklegt er að Arnór Atlason byrji í stöðu vinstri skyttu þegar Ísland mætir Serbíu í fyrstu umferð riðlakeppninnar á EM í handbolta sem hefst í dag. Á æfingu landsliðsins stílti Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari upp liði sem líklegt er að byrji á morgun. Samkvæmt því verða Alexander og Guðjón Valur í hornunum, Ólafur Stefánsson og Arnór í skyttustöðunum, Snorri Steinn verður leikstjórnandi, Róbert á Línunni og Björgvin Páll í markinu.

**sport**  
sport@fretta-



## DAGUR SIGURÐSSON: VILDI AÐ ÉG ÆTTI Í SÖMU „VANDRÆÐUM“ Á VINSTRI VÆNGNUM OG ÍSLAND

# Íslendingar líklegir til að fara alla leið á EM

Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfari Austurríkis, hefur undirbúið sína menn fyrir átökin fyrir Evrópumeistaramótið í handbolta, sem hefst þar í landi í dag, eins vel og kostur er. Nú er bara að „láta vaða“ eins og Dagur sagði sjálfur en Austurríki mætir Danmörku í dag.

„Tilfinningin degi fyrir leik er mjög góð. Ég er búinn að skoða mótherja okkar og leggja upp okkar leik. Nú er bara ein æfing eftir og í raun lítið sem ég get gert úr þessu. Maður kennir mönnum ekki að spila handbolta á einum degi,“ sagði Dagur við Fréttablaðið í Linz í gær.

Hann segir að vel hafi gengið að telja leikmönnum Austurríkis trú um að þeir eigi skilið að spila á stórmóti í handbolta. „Ég get þó ekki neinu logið að þeim og þeir verða fyrst og fremst að finna sjálfir fyrir þessu. Ég var heppinn að við unnum Þjóðverja í æfingaleik fyrir einu og hálfu ári og síðan þá hafa fylgt nokkrir ágætir leikið í kjölfarið.“

Dagur hefur fylgst vel með undirbúningi Íslenska

liðsins fyrir EM en Ísland mætir Austurríki á fimmtudaginn. „Mér líst mjög vel á íslenska liðið. Það er gríðarlega sterkt og það var einnig afar öflugt að fá Óla [Ólaf Stefánsson] aftur inn í liðið. Sjálftraustið lekur af þeim og maður sér á þeim að þeir eru að komast í Pekingsgrínn. Þeir eru líklegir til að fara alla leið ef þetta dettur þeirra megin en það eru mörg sterk lið á mótinu og stutt á milli hláturs og gráts.“

Helst er að Íslendingar hafi haft áhyggjur af stöðu vinstri skyttunnar í íslensku sókninni en Dagur gerir lítið úr því. „Gummi væri ekki að taka Loga [Geirsson] með ef hann gæti ekki spilað á mótinu og þeir geta greinilega hent Ólafi Guðmundssyni inn á miðað við hans frammistöðu í Frakklandi um helgina. Aron verður einnig með – annars væri hann ekki í hópnum og þá hefur Arnór verið að spila mjög vel. Ég veit að ég væri allavega afar sáttur ef ég þyrfti að kljást við sömu „vandamál“ í mínu liði og að mér myndu standa þessir leikmenn til boða. Ég held því að það sé ekki hægt að kvarta undan þessari stöðu.“



# Serbararnir vilja taka vel á okkur

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir sína menn tilbúna fyrir átökin á Evrópumeistaramótinu í handbolta sem hefst í Austurríki í dag. Strákarnir okkar mæta liði Serbíu í fyrstu umferð í Linz í kvöld.



UNNUM SERBA 2006 Íslenska landsliðið fagnar sigri á EM í Sviss. MYND/AFP

Fyrsti leikurinn á EM:

## Ræður miklu um framhaldið

**HANDBOLTI** Fyrsti leikurinn á Evrópumótinu er og hefur verið íslenska landsliðinu afar mikilvægur ef marka má fyrstu fimm Evrópumót strákanna okkar.

Íslenska landsliðið hefur ekki náð ofar en í 11. sæti á EM nema liðið hafi náð einhverju út úr opunarleiknum sínum. Íslenska liðið gerði 24-24 jafntefli við Spán í fyrsta leik sínum á EM 2002 (4. sæti) og vann 36-31 sigur á Serbíu og Svartfjallalandi í fyrsta leik sínum á EM 2006 (7. sæti).

**HANDBOLTI** Í dag hefst keppni á Evrópumeistaramótinu í handbolta og verður lið Serbíu fyrsti andstæðingur Íslands á mótinu. Leikurinn fer fram í Linz eins og aðrir leikir í íslenska riðlinum.

Íslenska landsliðið æfði í keppnishöllinni í gær og sagði Guðmundur Guðmundsson við Fréttablaðið eftir æfinguna að sínir menn væru tilbúnir.

„Við erum tilbúnir og þannig á það líka að vera. Menn eru í toppstandi og klárir í slaginn,“ segir Guðmundur sem nýtti æfinguna í gær til að skerpa á nokkrum atriðum í sóknarleiknum, fyrst og fremst.

„Við vorum að skoða hvernig varnarleik við getum mögulega fengið á móti okkur. Við viljum vera undirbúnir fyrir það eins vel og mögulegt er. Við munum kíkja á það aftur á myndbandi í kvöld og ræða það enn frekar. Svo er stutt æfing á morgun [í dag] þar sem enn verður farið yfir þetta. Það er því mikil vinna fölginn í þessu og við þurfum að passa það að missa ekki einbeitinguna eitt andartak.“

Serbar eru þekktir fyrir að láta finna vel fyrir sér og á Guðmundur því von á hörkuleik í kvöld.

„Ég á von á hröðum og miklum baráttuleik. Serbar spila mjög fastan varnarleik og þeir ætla sér að taka vel á okkur. Við þurfum því að nýta okkar hraðauppplauð vel enda er það einn okkar helst styrkleiki.“

En það er ekki bara nóg að spila öflugan sóknarleik. Guðmundur segir að ekkert nema toppleikur

hjá íslenska landsliðinu á öllum vígstöðvum muni duga til sigurs í kvöld.

„Eins og ég hef margoft sagt þá eru Serbararnir með afar gott lið. Þeir unnu Frakka í Frakklandi í æfingaleik í síðustu viku og það eru aðeins mjög sterk lið sem ná að vinna slíka sigra,“ segir hann.

Landsliðshópurinn kom til Linz aðfaranótt mánudags eftir að hafa tekið þátt í æfingamóti í Frakklandi um helgina. Ísland vann þar góðan sigur á Spánverjum fyrri daginn en tapaði svo fyrir heimamönnum þann síðari.

„Þetta var mjög góð helgi og hún fór alveg eins og við ætluðum okkur. Við vorum líka að spila betur en við höfum gert. Varnarleikurinn var til dæmis mun betri en hann hefur verið og má því segja að við höfum verið að leiðrétta okkar leik hægt og rólega. Það er svo vonandi að það skili sér inn í keppnina nú.“

Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson var einbeittur á æfingunni í gær og sagði stemninguna á meðal leikmanna vera góða.

„Hún er kannski aðeins rólegri í dag eftir að hafa tekið vel á því um helgina. Svo keyrum við þetta upp á morgun. Ég er mjög ánægður með stöðuna á liðinu og er einnig sjálfur bara nokkuð góður. Þetta lítur allt þokkalega út og ég get því ekki kvartað.“



EM Í AUSTURRÍKI

EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON  
skrifar frá Linz  
eirrikur@frettabladid.is



HNÉÐ Í SKOÐUN Aron Pálmarsson sýnir hér Elísi Þór Rafnssyni sjúkrapjálfa vinstra hnéð sitt sem hefur verið til vandræða síðustu daga eftir að hann fékk högg á það á æfingu fyrir hraðmótið í Frakklandi. FRÉTTAÐLAÐIÐ/E.STEFÁN



ÓHEPPINN Ólafur Stefánsson meiddist á EM 2006 og EM 2008. MYND/AFP

Reynsla fyrsta leiks á EM:

## Óli, passaðu þig í kvöld

**HANDBOLTI** Það er spurning hvort Ólafur Stefánsson á að spila í sérstaklega vörðum búningi á móti Serbum í kvöld. Í það minnsta ætti hann að fara varlega í þessum leik.

Ólafur hefur nefnilega meiddist í fyrsta leik á undanförunum tveimur Evrópumótum og missti vegna þeirra af næstu tveimur leikjum á bæði EM í Sviss 2006 og EM í Noregi 2008.

Ólafur fékk slæmt og að því virtist viljandi högg á móti Serbum í fyrsta leik EM fyrir fjórum árum en meiddist síðan aftan í læri í fyrsta leik á móti Svíum á EM fyrir tveimur árum.

Keflvíkingar rassskelltu nágranna sína úr Njarðvík í Subway-bikarnum í gær:

## Sláturtíð á Sunnubrautinni

**KÖRFUBOLTI** Fyrsta heimsókn Sigurðar Ingimundarsonar með Njarðvíkurliði til sinna gömlu lærisevna í Keflavík fór ekki vel því meistaraefnin úr Njarðvík steinlaga á móti frábæru Keflavíkurliði í átta liða úrslitum Subway-bikars karla í gærkvöldi. Keflavík vann leikinn á endanum með 20 stiga mun, 93-73, eftir að hafa verið með yfirburðaförustu nær allan leikinn. Keflvíkingar verða því í pottinum ásamt Grindavík, ÍR og Snæfelli þegar dregið verður á miðvikudaginn.

Sláturhús Keflvíkinga stendur undir nafni þessa dagana eftir annan stórsigur liðsins í röð á móti tveimur af efstu liðum Iceland Express-deildarinnar. Keflavíkurliðið vann 35 stiga sigur

FRÁBÆR Gunnar Einarsson skoraði 23 stig og var með fleiri þrista en allt Njarðvíkurliðið.

FRÉTTAÐLAÐIÐ/STEFÁN



á Stjórnunni í Toyota-höllinni á föstudagskvöldið og fylgdi því eftir með því að rasskella nágranna sína úr Njarðvík á sama stað þremur dögum síðar.

Keflavíkurliðið hélt Njarðvíkingum í 13 stigum og 19 prósentu skotnýtingu (3 af 16) í fyrsta leikhliða og var komið með 21 stig forskot í hálfleik, 51-30, eftir að hafa unnið annan leikhlutann 30-17. Keflavík náði mest 25 stiga forskoti í öðrum leikhlutunum og sóknarleikur Njarðvíkur var skelfilegur – hitti úr 7 af 30 skotum og tópuðu 13 boltum að auki.

Keflavíkurliðið skoraði síðan fimm fyrstu stig seinni hálfleiks og komst

26 stigum yfir, 56-30, og Njarðvíkingar áttu áfram fá svör við góðum leik nágranna sinna úr Keflavík. Njarðvík náði þó að minnka muninn í 18 stig, 72-54, fyrir lokaleikhlutann og munurinn varð minnstur 14 stig í fjórða leikhliða áður en Keflvíkingar kláruðu leikinn.

Miklu munaði um það að Keflavíkurvörninn hélt lykilmönnum Njarðvíkur, Magnúsi Þór Gunnarssyni og Jóhanni Árna Ólafssyni, í samtals 6 stigum fyrstu þrjú leikhliðunum en þeir félagar hittu aðeins úr 2 af fyrstu 18 skotum sínum í leiknum. Magnús Þór skoraði síðan 5 stig í lokaleikhlutunum og bjargaði aðeins andlitinu.

Draelon Burns var atkvæðamestur í Keflavík með 29 stig, 9 fráköst og 5 stoðsendingar, Gunnar Einarsson skoraði 23 stig og Hörður Axel Vilhjálmsson var með 18 stig, 8 fráköst og 6 stolna bolta. Nick Bradford var með 16 stig, 14 fráköst og 5 villur hjá Njarðvík, Hjörtur Hrafn Einarsson skoraði 11 stig og Páll Kristinsson var með 10 stig.



PUNGUR BÍLL Einar Þorvarðarson keyrði frá París til Linz. FRÉTTAÐLAÐIÐ/PIJETUR

## Einar Þorvarðarson: Með hálf tonn af farangri

**HANDBOLTI** Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, gerði sér lítið fyrir og keyrði alla leið frá París í Frakklandi til Linz í Austurríki í fyrrinótt.

Þetta gerði hann til að létta á farangrinum sem liðið þurfti að fljúga með til Austurríkis eftir æfingamótið í Frakklandi um helgina. Einar sagði við Fréttablaðið að yfirvigtin hefði kostað HSÍ meira en sex þúsund evrur í flugi en hann fór alls með hálf tonn af farangri til Linz.

Einar var um tíu klukkustundir á leiðinni og lenti í ýmsum ævintýrum – til að mynda var hann næstum búinn að keyra á hóp villisvína á leiðinni.

- esá



# SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Það er fátt sem jafnast á við að finna ískaldan sjóinn læsast um sig, missa andann augnablik. En samt jafnast einhvern veginn ekkert á við að komast upp úr aftur og finna blóðið streyma um líkamann á ný.

Hringdu í 570 3030 og bókaðu nístingskalt það á nýjum stað.

**FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.\***



**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**

\*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

### > Julianna Margulies

„Ég vil heldur fara aftur að vinna með þjónustustúlka en að leika persónu sem skilur ekkert eftir sig.“

Margulies fer með hlutverk í þættinum *The Good Wife* sem Skjár einn sýnir kl. 21.45.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR ER TIL Í TILBREYTINGU

### Meiri menningu í ríkissjónvarpið

Í vetur er þriðji vetur sem bókmenntaþátturinn Kiljan er í sjónvarpinu. Þó að þátturinn sé ágætur fyrir sinn hatt þá leiðist mér heldur tilbreyingarleysið, hann er staðnaður. Ég fagnaði reyndar mjög þegar þátturinn hófst því mér hefur þótt vanta áhugaverða umfjöllun um menningu í sjónvarpinu. Kiljan stoppaði í gatið svo langt sem hún nær, en nú er hending hvort öðrum listgreinum sé sinnt í sjónvarpinu en bókmenntum, hvers vegna skyldi það nú vera? Mér þætti full ástæða til þess að fleiri menningarþætti væri að finna í ríkissjónvarpinu.

Efst á óskalistanum mínum væri að fá gagnrýnan umræðuþátt um það sem er að gerast í menningar- og listalífi að fyrirmynd danska sjónvarpsþáttarins Smagsdommerne. Í þeim þætti sitja þrjú menningarvitar í dómarasæti og ræða nýjar kvikmyndir, leikrit, bækur og það sem er efst á baugi í menningu ýmissa konar undir stjórn þáttastjórnandans Adrian Hughes. Umfjöllunar-

efnin eru fjögur í fjórutíu mínútna þætti sem þýðir að hver viðburður fær sáemilega langan tíma. Álitsgjafarnir eru 32 samkvæmt heimasiðu danska ríkissjónvarpsins og með fjölbreytilegan bakgrunn sem gerir það að verkum að áhorfendur sitja ekki uppi með sömu álitsgjafana í viku hverri. Þannig verða umræðurnar og samspil þátttakendanna ófyrirsjáanlegt. Útvarpsþátturinn Lostafullir listræninginn sem Jórunn Sigurðardóttir stjórnar á Rás 1 er með svipuðu lagi og Smagsdommerne og þó að hann geti verið áhæfulegur þá sakna ég að sjá ekki brotin úr verkunum og fólkið sem við er rætt. Því mælist ég til að sjónvarpið ræni Listræningjann og kljúfi bókmenntagagnrýni Kiljunnar frá þættinum og búi til nýjan umræðuþátt þar sem umfjöllunarefnið er menningarviðburðir af ýmsu tagi. Ég er samsagt að mælast til þess að við hermum eftir frændum vorum Dönnum – sem væri ágæt tilbreying frá því að herma eftir nágrönnum okkar Bandaríkjamönnum.



## PRÍÐJUDAGUR



16.45 Danmörk – Austurríki, beint SJÓNVARPIÐ



17.45 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



19.50 Man. City - Man. Utd. beint STÖÐ 2 SPORT



20.55 Top Design SKJÁR EINN



21.40 Hung STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

14.45 Útvar (Akureyri - Hafnarfjörður) (e)

15.50 Leiðarljós

16.35 Táknálsfréttir

▶ 16.45 EM í handbolta Bein útsending frá leik Dana og Austurríkismanna á EM í handbolta karla í Austurríki.

18.15 Reykjavíkurleikarnir (Samantekt) Samantektarþáttur í beinni útsendingu þar sem farið er yfir helstu viðburði á árlegu alþjóðlegu íþróttamóti í Reykjavík.

19.00 Fréttir

19.05 EM í handbolta (Ísland - Serbía) Bein útsending frá leik Íslendinga og Serba á EM í handbolta karla í Austurríki.

21.30 Hreyfing og hollusta, lykilið að framtíð Þáttur um mikilvægi hreyfingar og hollustu fyrir börn.

22.00 Tíufréttir

22.30 Veðurfréttir

22.40 EM-kvöld Fjallað um leiki í úrslita-keppni EM í handbolta.

23.10 Rannsókn málsins - Leikreglur (Trial & Retribution XV: The Rules of the Game) (2:2) Bresk spennynd frá 2008 í tveimur hlutum. Vændiskona finnst látin í bílskoti við Heathrow-flugvöll og grunur fellur á auðkyfing frá Úkraínu. Aðalhlutverk: David Hayman, Victoria Smurfit og Dorian Lough.

00.00 Dagskrárlok

## BÍÓ

08.00 Buena Vista Social Club

10.00 Stick it

12.00 The Last Mimzy

14.00 Buena Vista Social Club

16.00 Stick it

18.00 The Last Mimzy Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna um systkinin Noah og Emmu sem finna dótakassa úr framtíðinni.

20.00 Daltry Calhoun Grínmynd með Johnny Knoxville í aðalhlutverki.

22.00 This Girl's Life Kvikmynd þar sem dregin er upp mynd af blómlegum klámmyndaðnaðinum í Bandaríkjunum.

00.00 When Will I Be Loved

02.00 Privat

04.00 This Girl's Life

06.00 Paris, Texas

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram! Stóra teiknimyndastundin, Bratz.

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.20 In Treatment (5:43)

10.55 Cold Case (8:23)

11.45 Ghost Whisperer (57:62)

12.35 Nágrannar

13.00 A Good Year

15.05 Sjáðu

15.30 Barnatími Stöðvar 2 Ofuröndin, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Áfram Diego, áfram!

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 Friends 2 (1:24)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 The Simpsons (14:21)

19.45 Two and a Half Men (6:24)

20.10 Two and a Half Men (23:24)

20.30 The Big Bang Theory (19:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar en eiga í töluverðum vandræðum með samskipti við annað fólk og þá sérstaklega af hinu kyninu.

20.55 Chuck (20:22) Chuck Bartowski lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opn- aði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

▶ 21.40 Hung (3:10) Ray Drecker, skóla- liðspjálari á fimmtugsaldri, reynir fyrir sér á nýjum vettvangi þar sem hann selur ein- mana konum blöðu sína.

22.10 Daily Show: Global Edition Spjallþáttur með Jon Stewart.

22.35 The Unit (11:11)

23.20 Medium (18:19)

00.05 Fringe (6:23)

00.50 Tell Me You Love Me (1:10)

01.45 Me and You and Everyone We Know

03.15 A Good Year

05.10 Two and a Half Men (23:24)

05.30 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

17.55 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.

18.50 Bestu leikirnir: KR - Valur

27.05.99 Árið 1999 var ár KR-inga og þeir hugðust enda 31 árs bið eftir Íslandsmeistararátitilinum. Einbeitingin skein úr andliti KR-inga þegar erkifjendurnir í Val komu í heim- sókn í Frostaskjólíð í lok maí.

19.20 Meistaradeildin í golfi 2009 Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meistara- deildinni í golfi, kylfingar teknir tali, golf- kennsla skoðuð og einnig verða Íslenskir golf- vellir skoðaðir.

▶ 19.50 Man. City - Man. Utd. Bein útsending frá leik í enska deildabikarunum.

22.00 Inside the PGA Tour 2010 Sýnt frá Sony Open mótinu sem fram fór á Hawaii en mótið var hluti af PGA mótaröðinni í golfi.

22.55 Atvinnumennirnir okkar: Ólafur Stefánsson Að þessu sinni verður einn dádæsti sonur Íslensku þjóðarinnar heimsoúttur til Ciudad Real á Spáni.

23.30 Man. City - Man. Utd. Útsending frá leik í enska deildabikarunum.

## SPORT 2

enski boltinn

07.00 Newcastle - WBA Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

15.10 Portsmouth - Birmingham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.50 Stoke - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 Coca Cola mörkin 2009/2010 Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deil- dinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífir á einum stað.

19.00 Aston Villa - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.40 Bolton - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.20 Premier League Review 2009/10 Rennit yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjun- um skoðað gaumgæflega.

23.15 Man. Utd. - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Pepsi MAX tónlist

15.55 7th Heaven (2:22) Bandarísk unglingsæria þar sem Camden-fjölskyldunnir er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjóna- kornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.

16.40 Kitchen Nightmares (12:13) (e)

17.30 Dr. Phil

18.15 Fréttir Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

18.30 High School Reunion (3:8) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem fyrr- um skólafélagar koma saman á ný og gera upp gömul mál.

19.30 Fréttir (e)

19.45 King of Queens (15:25) (e)

20.10 Worlds Most Amazing Videos (3:13) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lygginn líkastur.

▶ 20.55 Top Design (6:10) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem efnilegir innan- húshönnuðir keppa til sigurs.

21.45 The Good Wife (2:23) Bandarísk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífshefð og er dæmdur í fangelsi fyrir spillingu í opinberu starfi.

22.35 The Jay Leno Show Spjallþátta- kóngurinn Jay Leno tekur á móti göðum gestum og slær á léttu strengi.

23.20 CSI: New York (19:25) (e)

00.10 The Good Wife (2:23)

01.00 King of Queens (15:25) (e)

01.25 Pepsi MAX tónlist



20.00 Hrafnafing Steingrímur J. Sigtússon fjármálaráðgjafi er gestur Ingva Hrafn Jónssonar í dag.

21.00 Anna og útlitið Anna Gunnars- dóttir og Jenný sanna að það er hægt að breyta fólki ótrúlega á nóinu.

21.30 Tryggvi þór á Alþingi Hagfræðing- urinn og alþingismaðurinn brýtur til mærgjar brýnustu verkefni stjórnmála á Íslandi.

Dagskrá INN er endurtekin um helg- ar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

# Þorrablot Laugardalsins


Matur og ball 23. janúar í Höllinni

Stefán Hilmars og stórsveit Jóns Ólafs leika fyrir dansi

Ólmundur Hólm uppistandari alþýðunnar er veislustjóri

- Presthjónin í Laugardalnum Bjarni Karlsson og Jóna Hrönn Bolladóttir flytja minni karla og kvenna
- Þeir sem eru súrur yfir þorramat geta glaðst yfir öðru góðgæti

- Ísland - Danmörk á þremur risaskjám kl. 19.15
- Þorrablot og ball - Miðaverð kr. 6.500 Húsið opnar kl. 19 - Pantanir í síma 580 5903
- Laugardalsballið með Stebba Hilmars Opnað kl. 11 - Miðaverð á ball kr. 2.500



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.10

Daily Show: Global Edition

Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega víðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir þá sem vilja vera með á nótonum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.



VIÐ MÆLUM MED

Ísland - Serbía, beint Sjónvarpið kl. 19.05

Það eru eflaust margir spenntir fyrir EM í Austurríki eftir glæsilegan árangur íslenska liðsins á Ólympíuleikunum árið 2008. Íslendingar munu hefja leikinn í kvöld með því að keppa á móti sterku liði Serba. Mönnum er eflaust í fersku minni þegar Íslendingar og Serbar kepptu í undankeppni Evrópumótsins í Laugardalshöllinni 17. júní 2007 að viðstöddum 3.000 áhorfendum í þjóðhátíðarskapi. Þá unnu Íslendingar naumlega en höfðu tapað fyrir Serbum í fyrri leik.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunútgáfa hefst
- 06.50 Bæn
- 07.03 Vött og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Söngfluglar
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútgáfa
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Flakk

- 14.03 Breiðstræti
- 15.03 Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
- 15.25 Þriðjudagsdjass
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Í heyranda hljóði
- 21.20 Trío
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.20 Fimm fjórðu
- 23.10 Sumar raddir
- 00.05 Næturtonar

- |         |             |         |              |          |                |
|---------|-------------|---------|--------------|----------|----------------|
| FM 88,5 | XA-Radíó    | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1  | Rás 2          |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn      | FM 97,7 | X-ið         | FM 102,9 | Lindin         |
| FM 93,5 | Rás 1       | FM 98,9 | Bylgjan      | FM 105,5 | Útvarp Boðun   |
| FM 95,7 | FM957       | FM 99,4 | Útvarp Saga  |          |                |

EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Ally McBeal (13:23) Maður sem er giftur vergjarnri konu reynir að fá hjónaband sitt ógilt. Cage biður Melanie og nýr, myndarlegur lögræðingur gengur til liðs við hópinn.

18.30 Seinfeld (15:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

19.00 The Doctors

19.45 Ally McBeal (13:23)

20.30 Seinfeld (15:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Glee (12:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

22.35 American Idol (1:43) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur níunda árið í röð. Draumar átta söngvara hafa ræst og allir hafa slegið í gegn, selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjórtu heimsbyggðarinnar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

23.55 American Idol (2:43)

01.20 K-Ville (8:11)

02.05 Sjáðu

02.35 Fréttir Stöðvar 2

03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 My Family 12.30 Blackadder II 13.00 My Hero 13.30 Doctor Who 14.15 Doctor Who 15.00 The Green Green Grass 15.30 Dalziel and Pascoe 16.20 The Innocence Project 17.15 EastEnders 17.45 The Weakest Link 18.30 Gavin And Stacey 19.00 The Green Green Grass 19.30 New Tricks 20.20 Jonathan Creek 21.20 The Green Green Grass 21.50 Only Fools and Horses 22.20 My Family 22.50 Blackadder II 23.20 My Hero 23.50 Jonathan Creek

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Seinfeld 12.55 DR-Explorer 13.25 Soren Ryge - Havhingsten bliver bygget 13.55 OBS 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Svampebob Firkant 15.55 Chiro 16.05 Ni-Hao Kai Lan 16.30 Lille Nord 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Kender du typen 19.30 Undercover chef - Flugger 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Wallander 22.30 Dodens detektiver 22.50 For fuld udblæsning 23.20 Boogie Mix

NRK1

12.10 Urix 12.30 Filmavisen 1959 12.40 Med hjartet på rette staden 13.30 Flyvende hippier 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 Derrick 16.00 NRK nyheter 16.10 Herskapelige gjensyn 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Forkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.45 Ut i naturen 19.15 Bygdeliv 19.45 Extra-trekning 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Det nye landet 21.25 Bokprogrammet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Venner for livet 23.40 Klasse 10 B

SVT 1

12.05 Den första kretsen 13.20 Lille Fridolf blir morfar 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Anslagsstavlán 16.00 Konstákning 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturmyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mästarnas mästare 20.00 Teatersupén 20.30 P3 Guldgálan 2010 22.00 Konstákning 23.00 Notorious

# "HEY HEY BOMBAY"

LAU. 23.01  
LAU. 06.02.  
FÖS. 26.2.

## THE PIER OG GARDHEIMAR KYNNA

# Bollywood

Í VEISLUTURNINUM

## Sf0w

ADALHLUTVERK: YESMINE OLSSON ALI KHAN ARNAR GRANT

INDVERSK-ARABÍSK MATARVEISLA KRYDDUÐ MEÐ DANSATRÍÐUM  
ÚR FRÆGUSTU BOLLYWOODMYNDUNUM - SEIÐANDI STEMMING!

ABSOLUT VODKA World Class IZELANDS

### SJÁ MATSEDIL Á VEISLUTURNINN.IS

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 575 7500 EDA MIDI.IS

## BESTI BITINN Í BÆNUM



„Matur stendur mér nærri svo þessu er auðsvarað. Besti skynbitinn er á Búllunni og í Deli á Laugaveginum, en ef ég vil hafa það finna þá koma Fishmarket og Friðrik V á Akureyri sterkir inn.“

Hannes Friðbjarnarson trommuleikari.

## Variety líkir Baltasar við Viggo

„Þetta eru engar nýjar fréttir fyrir mér, ég hef meira að segja verið stoppaður í tollinum í Bandaríkjunum og spurður hvort ég væri ekki örugglega Viggo Mortensen,“ segir Baltasar Kormákur. Robert Koehler, gagnrýnandi bandarísku kvikmyndabíbliunnar Variety, skrifar um Reykjavík-Rotterdam á vefsíðu blaðsins og er nokkuð hrifinn af íslensku spennumyndinni. Koehler segir Baltasar vera fædda kvikmyndastjörnu og á köflum minni hann á Íslandsvininn Viggo. „Einu sinni var gagnrýnandi Morgunblaðsins að skrifa um einhverja bíómynd Viggos og þótti ég vera líkur honum en ég hef aldrei séð þetta sjálfur,“ segir Baltasar sem nú er á fullu við að æfa fyrir Gerplu í Þjóðleikhúsinu.

Reykjavík-Rotterdam er framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna en gagnrýnandinn Koehler gefur ekkert upp hvaða möguleika myndin hafi í þeirri keppni. Hann segir smá vankanta á handritinu og hefur augljóslega séð Mýrina, eða Jar City, því Koehler ber þær tvær nokkuð mikið saman. Þannig

hafi hlutverk Erlends í Jar City hent að Ingvari E. Sigurðssyni mun betur en Steingrímur í Reykjavík-Rotterdam. Koehler segir það þó vissulega kost að loksins sé sýnd ný hlið á Reykjavík, daglegt líf þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman. Hann er þess fullviss að myndin eigi eftir að reynast auðveld í sölu og ekki skemmi fyrir að endurgerð hennar sé í bígerð í Hollywood með sjálfum Mark Wahlberg í aðalhlutverki.

**LÍKIR** Baltasar Kormáki er líkt við Viggo Mortensen í bandaríska stórbláinu Variety. Þar er Reykjavík-Rotterdam til umfjöllunar og fær alveg ágætis dóma.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. aftur, 6. persónufornafn, 8. fljót-færni, 9. gogg, 11. í röð, 12. erfiði, 14. dans, 16. skóli, 17. skjön, 18. í viðbót, 20. karlkyn, 21. snudda.

## LÓÐRÉTT

1. stjórnarumæmis, 3. rún, 4. asfalt, 5. suss, 7. gáta, 10. húsfreyja, 13. bókstafur, 15. söt, 16. blaður, 19. mun.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. léns, 3. ýr, 4. járbók, 5. uss, 7. getuann, 10. frá, 13. emm, 15. 17. mís, 18. auk, 20. kk, 21. snud. LÁRÉTT: 2. nýju, 6. ég, 8. ras, 9. nef, 11. rs, 12. stvöð, 14. rúmbo, 16. ma, 17. mís, 18. auk, 20. kk, 21. snud.

## VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Árni Johnsen.
2. Ljósriti.
3. 1.739.

**Gefðu vatn**  
Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

ARNAR ÞÓRISSON: FJÁRMÖGNUN ENN ÓKLÁRUÐ

## Michael Madsen er rödd Egils Skallagrímssonar

Hollywood-leikarinn Michael Madsen talar fyrir Egil Skallagrímsson í nýrri teiknimynd sem íslenska fyrirtækið Caoz framleiðir í samstarfi við ungverska kvikmyndagerðarmenn.

Arnar Þórisson hjá Caoz segir að aðkoma þeirra að myndinni sé að sjá um tónlistina og þá komu þeir einnig að handritsgerðinni. „Ég kynntist leikstjóra myndarinnar, Aron Gauder, á ráðstefnu fyrir nokkrum árum. Og þegar hann hafði samband við mig og vildi athuga hvort við værum spenntir fyrir samstarfi þá gátum við ekki sagt nei; það er ekki hægt að gera mynd um Egil án þess að Íslendingar komi þar nærri,“ segir Arnar en aðstandendur myndarinnar hafa komið nokkrum sinnum til Íslands, verið á söguslóðum Egils í Borgarfirði og lesið Egilssögu fram og til baka. Aron þessi sló eftirminni-lega í gegn með fyrstu teiknimyndinni sinni Nyócker! fyrir sex árum og var strax ákveðinn í því að láta Egilssögu verða sitt næsta verkefni. Arnar lýsir myndinni sem fullorðinslegri teiknimynd enda vart annað hægt; saga Egils er nokkuð blóði drifin, svo vægt sé til orða tekið.

Búið er að taka upp leikrödd Madsens og Arnar segir það hafa komið sér á óvart hversu vel leikarinn náði að túlka íslenska vikinginn. „Hann bað mig reyndar um að fara með Höfuðlausn á íslensku fyrir sig, svona til að fá „fílinginn“ fyrir því hvernig það hljómaði á íslensku,“ útskýrir Arnar en bætir við að enn eigi eftir að fullklára fjármögnun myndarinnar. Hann er þó bjartsýnn á að það eigi eftir að ganga eftir.

Madsen ætti að vera kvik-

## MR. SKALLAGRÍMSSON

Benedikt Erlingssyni list ágætlega á Michael Madsen í hlutverki Egils Skallagrímssonar en sjálfur lék hann auðvitað kappann í leikverkinu Mr. Skallagrímsson. „Ég hitti þessa stráka nokkrum sinnum, við ræddum heilmikið saman og skoðuðum söguslóðir í Borgarfirðinum. Þeir tóku þar myndir sem þeir ætla að nota í teiknimyndinni,“ útskýrir Benedikt en bróðir hans, Friðrik, kom að gerð handritsins. „Þeir höfðu miklar áhyggjur af því að hafa sögulegar staðreyndir ekki á hreinu og vildu alls ekki móðga Íslendinga,“ útskýrir Benedikt sem hefur þegar séð smá brot úr myndinni og list alveg ótrúlega vel á.



myndaá hugamönnun að góðu kunnur. Hann lék Mr. Blonde í hinni stórgóðu kvikmynd Quentins Tarantino, Reservoir Dogs, og þá birtist hann Íslendingum í Kill Bill 2 með íslenskt brennivín upp á arminn. Madsen er þekktur fyrir

á leika hálfgerða hrotta á hvíta tjaldinu en færri vita eflaust að hann er liðtækur ljósmyndari og þykir ansi lunkið ljóðskáld, hefur fengið ljóðabækur sínar útgefnar um allan heim.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

## Óskar Páll Sveinsson

og Alma Guðmundsdóttir hafa sett hús sitt í Kjósinni á sölu. Áhugasamir geta þó einnig fengið að leigja húsið til lengri eða skemmri tíma. Þetta staðfesti



Óskar Páll í samtali við Fréttablaðið. Húsið, sem liggur við Meðalfellsvatn, er 235 fermetrar að stærð en því fylgir rúmlega 35 fermetra bílskúr og 55 fermetra bústaður sem byggður var 1965.

Alma er sem kunnugt er að flytja út til Bandaríkjanna þar sem **The Charlies**, áður Nylon, ætla að hasla sér völl. Ekki er það þó þannig að Óskar Páll treysti sér ekki í húsverkin á meðan betri helmingurinn er að sigra heiminn því honum þykir víst fátt jafn skemmtilegt og að skúra. Óskar er nefnilega sjálfur mikið á flakkinnu vinnu sinnar vegna og því var þessi ákvörðun tekin.



Næsta verkefni **Gunnars Björns Guðmundssonar** eftir að margra mati vel heppnað áramótaskaup er að leikstýra áhugamannaleikriti úti á landi. Leikritið nefnist Undir hamrinum og það er leikdeild Ungmennafélags Biskups-tungna sem sér um að koma því á fjalirnar með hjálp Gunnars. Frumsýning verður 12. febrúar í félagsheimilinu Aratungu.



- fgg, fb

## Agent Fresco rænd á hollenskri hátíð

„Kvöldið var búið að vera æðislegt. Við vorum búnir að vera á frábærum tónleikum með FM Belfast og þá gerist þetta,“ segir Arnór Dan Arnarson, söngvari hljómsveitarinnar Agent Fresco. Hátt í fimmtíu þúsund krónum var stolið frá Arnóri Dan og félagum hans í Agent Fresco á tónlistarhátíðinni Eurosonic sem var haldin í Hollandi um helgina. Peningunum höfðu þeir félagar safnað með sölu á hljómplötum og stuttermabolum meðan á hátíðinni stóð og því um sérlega leiðinlegt atvik að ræða. „Þetta gerðist bara fyrir framan okkur á tónleikastaðnum. Hann tók veskið og gaf það áfram og hljóp svo í burtu. Við vorum ekki að fara að elta svona náunga út í eitthvert skuggasund,“ segir Arnór Dan. „Strax klukkutíma eftir þetta var ég hættur að vera brjáláður. Þetta eru bara peningar.“

Í síðasta mánuði var hljómsveitin Ultra Mega Technobandið Stefán einnig rænd á tónlistarhátíð í Hollandi og svo virðist því sem íslenskir tónlistarmenn séu berskjaldaðari en aðrir þar í landi. Hvort Icesave-málið eigi þar einhvern hlut að máli skal ósagt látið. Annars segist Arnór aðeins hafa fengið eina spurningu um Icesave meðan á dvöl hans stóð, sem kom honum nokkuð á óvart. „Við vorum búnir að lesa ógeðslega mikið um Icesave-málið og orðnir mjög góðir í að svara því. Við erum brjáláðir út af



AGENT FRESCO Hljómsveitin Agent Fresco var rænd á tónlistarhátíðinni Eurosonic sem var haldin í Hollandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

málinu og vorum alveg til í að tala um það en við notum þetta bara heima. Núna vitum við klárlega hvað við erum að fara að kjósa.“

- fb




## MORÐGÁTA

Skemmtileg hlutverkpartí

ESKIMOS | www.eskimos.is, eskimos@eskimos.is  
Símar: 414-1500 / 8220033

# RISAÚTSALA

Bækur allra forlaga á einum stað



Okkar langstærsta útsala af nýjum titlum til þessa.  
Kynnið ykkur úrvalið í verslunum okkar um land allt.

Opið til 22 öll kvöld á Skólavörðustíg, Austurstræti og Akureyri

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Erum fræg í Afríku

Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísendingar, veltir fyrir sér afleiðingum þess að neita að borga skuldir landsins vegna Icesave, í pistli í nýjasta hefti Vísendingar. Greinir hann frá því að **Páll Stefánsson**, ljósmyndari Iceland Review, hafi verið í Afríku í síðustu viku. „Ýmsir spurðu hann hvaðan hann væri eins og gengur. Þegar hann svaraði sögðu menn: „Já, þið eruð gaurarnir sem ekki viljið borga skuldirnar ykkar.“ „Þetta situr eftir,“ skrifar Benedikt.



### Grín á ÍNN

**Ingví Hrafn Jónsson** verður seint sakaður um að vera fastur í sömu hjólförum og sjónvarpsstöðin hans, ÍNN, blómstrar nú sem aldrei fyrr. Sjónvarpsstjórinn skeleggi hefur bryddað upp á matreiðsluþáttum og öðru í þeim dúr og nú bættist við nýr gamanþáttur sem ber heitið Grínland. Sá er í umsjón nokkurra Verslinga sem hafa verið að gera góða hluti í Verslunarskólunum.



### Framhaldsskóla-Bubbi

**Bubbi Morthens** fagnar í ár þrjátíu ára tónlistarfræmli sínu og hyggst af því tilefni heimsækja framhalds- og menntaskóla landsins í nýrri tónleikaröð sem nefnist Rætur. Bubbi ætlar að troða upp í hádeginu í skólunum og spila nokkur lög frá ferli sínum. Í fréttatilkynningunni sem send var fjölmiðlum var tekið fram að um menntaskóla- og framhaldsskólaröð væri að ræða en þess ber þó að geta að tónlistamaðurinn heimsækir einnig háskólana á landinu og byrjar í Háskóla Íslands.




- fgg

## Mest lesið **visir.is**

- 1 Segir mannréttindi brotin á meintum mansalsmönnum
- 2 Leita vitna vegna líkamsárásar
- 3 Maður lést í vinnuslysi í dag
- 4 Oprah Winfrey mun fjalla um íslensku rústabjörgunarsveitina
- 5 Ung kona grunuð um að smita af HIV með gáleysislegri hegðun

71,4%



29,3%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.

# RISA

# ÚTSALA

# 30-70%

# AFSLÁTTUR!



HEILSUKODDAR  
**30% AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá **5.915 kr.**

SÆNGURFÖT  
**30% AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá **4.830 kr.**

SVEFNSÓFAR  
**30% AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá **104.860 kr.**

KING KOIL HEILSURÚM  
(Queen Size 153x203)  
**35% AFSLÁTTUR**  
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.  
NÚ FRÁ 99.712 kr.

ATH! Myndirnar eru aðeins til hlidsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.

# rekkjan